

Rauðkápa – lestrarbók 2

Kennsluleiðbeiningar



Rauðkápa – lestarbók I

Kennsluleiðbeiningar og verkefni

© 2011 Söfnun og gerð texta og verkefna: Edda Pétursdóttir

© 2011 Teikningar: Linda Ólafsdóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

1. útgáfa 2011

Námsháskóla- og námsgagnastofnun Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun

Inngangur

Lestrarbækurnar *Blákápa*, *Rauðkápa* og *Grænkápa* eru ætlaðar nemendum á miðstigi grunnskólans. Efnið er valið af Guðnýju Ýri Jónsdóttur og Silju Aðalsteinsdóttur og hentar vel áherslupáttum í aðalnámskrá grunnskólans frá 2007.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi náð nokkuð góðu valdi á að lesa þegar þeir koma á miðstig grunnskóla. Engu að síður ber að leggja áherslu á lestur og læsi í öllum sínum myndum, á tækni, skilning og túlkun. Jafnframt því sem lesturinn beinist að því að kynna menningararf þjóðarinnar er eðlilegt að nemendur kynnist bókmenntum annarra þjóða í íslenskri þýðingu. Hvatning til lestrar þarf að vera mikil innan sem utan skóla. Leggja skal áherslu á að nemendur geti aflað sér efnis og nýtt sér upplýsingar úr því. (*Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska* bls. 15.)

Í *Rauðkápu* eru fjölbreyttir textar; smásögur, brot úr skáldsögum, kvæði, þjóðsögur, gamansögur og annað fræðandi efni. Bókin er kaflaskipt í þemu og er auðvelt að tengja verkefnið við hugarheim nemenda. Auk þess er hægt með ýmsu móti að vinna með leikræna tjáningu og framsögn eins og aðalnámskrá kveður á um.

Á miðstigi eru nemendur þjálfaðir í munnlegri og leikrænni tjáningu. Þeir eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er. (*Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska* bls. 15.)

Upplýsingar til kennara

Upplýsingar til kennara byggjast á upplýsingum um bakgrunn textans í *Rauðkápu* og höfund þegar það á við. Einnig eru hugmyndir og ábendingar um umræður og listi um ítarefni til að skerpa eða dýpka umræður um viðfangsefnið og/eða til að gefa nemendum tækifæri til að kynnast efninu nánar. Tilvalið er að láta bækurnar liggja frammi í kennslustofunni þegar það á við. Fróðleikur og hugmyndir eru að hluta úr kennarahandbók Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur og Silju Aðalsteinsdóttur og birtar með þeirra leyfi.

Verkefni fyrir nemendur

Verkefni eru ætluð til útprentunar. Efnið er fjölbreytt og geta kennarar valið úr handa nemendum sínum það sem hentar viðfangsefninu hverju sinni. Texti bókarinnar er alltaf útgangspunktur og kveikjan að sjálfu verkefninu. Nemendur geta unnið verkefnið í ritvinnslu, handskrifað á útprentuð blöð eða í stílabók.

Verkefnunum er ætlað að koma til móts við áfangamarkmið sem nemendur eiga að hafa kynnst við lok 7. námsárs skv. aðalnámskrá grunnskóla frá 2007.

Þau eru að:

- tjá sig skýrt og áheyrilega
- flytja laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og halda athygli áheyrenda
- geta endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt
- segja skipulega frá
- geta notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksýninga og söngs
- geta flutt og sungið algeng íslensk ljóð
- kunna að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli
- nýta sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar
- hafa tekið þátt í leikrænni tjáningu og spuna

- gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- hafa þjálfast í mismunandi lestraraðferðum, svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri
- geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann
- geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafa lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og goðsögur
- hafa kynnst öðrum menningarheimum með því að lesa þýddar sögur og ljóð
- hafa lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- þekkja nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð
- geta aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim
- geta unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum
- geta dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti

Í hugleiðingum um texta *Rauðkápu* og hugmyndum að umræðum er gefinn kostur á margs konar nálgun í kennslu, s.s. almennum umræðum, tjáningu og túlkun í framsögn, leik og mynd. Fjölbreytni í kennslu skiptir öllu máli, þannig er meiri möguleiki á að áhugi nemenda glæðist og auðveldara er að viðhalda honum.

Umræður

Frjóar umræður um bókmenntatexta geta verið uppspretta margra hugmynda og tekið til ólíkra þátta í aðalnámskrá. Þrátt fyrir að hér sé á ferð verkefni sem tengjast að miklu leyti ritun eru markvissar umræður í nemendahópnum nauðsynlegar. Umræðurnar þurfa ekki alltaf að tengjast ritun eða því að svara spurningum á blaði. Góðar umræður eru oft uppspretta hugmynda, nemendur meta og máta sig í aðstæður. Umræður gefa kennurum gott tækifæri til þess að útskýra erfið orð og þannig er auðvelt að benda nemendum á ólík blæbrigði og samhengi í texta. Með því að tjá hugsanir sínar í orð eykst orðaforði nemenda ósjálfrátt og máltilfinning eflist. Umræðuna þarf að nota til jafns við aðra þætti sem sjálfstæða nálgun og hafa hugfast að láta umræðuna eina og sér stundum nægja.

Myndræn túlkun

Til að auka fjölbreytni í vinnu með bókmenntatexta er hægt að vinna með sögur á myndrænan hátt í mun ríkari mæli. Textann má búa niður og nemendur myndskreyta textabrotið sem þeir fá úthlutað eða draga. Að lokum er verkið hengt upp ásamt textanum og sagan þá komin upp á vegg sem myndverk. Nemendur geta unnið verkefnið hver fyrir sig eða í litlum hópum. Myndirnar geta verið í ýmsum stærðum og unnar með ólíkri tækni. Teiknað og litað með trélitum, gerðar klippimyndir þar sem ekkert er teiknað inn á, ýmist klippt eða rífið.

Bæði sögur og ljóð er skemmtilegt að vinna með á þennan hátt. Sögurnar **Nú-tí-minh, Mídas kóngur og Ólympsgoð, Bernska Egils, Mjóafjarðarskessan og Skórnir hans Abuls Kasem** og ljóðin **Móðurást** og **Fylgd** eru tilvalin til túlkunar í mynd.

Spurningar nemenda

Efnislegar spurningar úr textum bókarinnar eru ekki í ritunarverkefnum með *Rauðkápu*. Nokkuð er af spurningum í hugmyndum að umræðum. Þær eru hugsaðar til að leiða umræður í bekknum og eru til að vekja til umhugsunar fremur en að svara staðreyndum. Hefðbundnar spurningar eiga vissulega rétt á sér inn á milli og eru hluti af fjölbreytilegu vinnulagi. Tilvalið er að nemendur sjálfir útbúi spurningar úr sögum bókarinnar.

Kennsluhugmyndin byggist á að nemendur upplifi textann og hlutverk kennarans er að ná fram hugmyndum frá nemendum en ekki að dæla staðreyndum til þeirra.

Vinnuferlið getur verið þannig:

1. Sagan er lesin og umræður geymdar þar til síðar.
2. Bekknum skipt í 3–5 manna hópa.
3. Nemendur ræða söguna í hópunum og setja fimm spurningar á blað.
 - þeir ákveða hver er ritari hópsins
 - spurningarnar eiga að vera opnar, svarið á ekki að vera já eða nei
 - hvetja þarf nemendur til að nota spurningar eins og; **hvers vegna, af hverju, hvernig, hvað finnst þér, hvað heldur þú**, o.s.frv.
4. Kennarinn safnar spurningum saman og raðar þeim upp og hefur þær tilbúnar fyrir næsta tíma.
 - Mikilvægt er að ekki líði of langur tími áður en umræðan fer fram.
5. Umræður í bekknum um söguna út frá spurningum nemenda og/eða nemendur svara eigin spurningum.

Hægt er að nýta þessa hugmynd við flestar sögur. Faðir vor, Nú-tí-minh, Urðarköttur og Sögurnar um bernsku Egils eru t.d. mjög vel til þess fallnar.

Leikræn tjáning

Leikræn tjáning er óþrjótandi brunnur og hægt að ná fram ýmsum markmiðum með því að nota leikræna túlkun og spuna. Nemendum finnst yfirleitt kærkomið að þurfa ekkert að skrifa og túlka glaðir tilfinningar í orðum og leik með látbragði. Ýmist er hægt að nota orð eða einungis látbragð. Gott er að gefa nemendum grind til að styðjast við, þannig er líka unnið markvissara með innihald og framvindu sögunnar sem markast af upphafi, miðju og endi. Þjóðsögur og ævintýri er hentugt efni til að vinna með í leikrænni túlkun. Einnig gamansögurnar um Vitlausa strákinn og Nasreddin svo og dæmisögur Kriloffs. Ljóð sem segja sögu má einnig færa í leikrænan búning með spuna, t.d. **Melkorka og Arnljótur gellini**.

Efnisyfirlit yfir verkefni án blaðsíðutals

Á íslensku:

- Orðalistar

Skrýtið:

- Lesskilningur og túlkun

Erfið ákvörðun:

- Að skrifa póstkort

Vetur:

- Að semja tönku

Ég hlakka til:

- Að semja ljóð með endurtekningu

Nú-tí-minh:

- Hvernig er táknsagan um Nútí? Spurningar um ytra lag og innra lag sögunnar
- Lesskilningur og myndgerð. Teikna Nútí eftir lýsingu textans

Sérstakur dagur:

- Skrifa söguljóð

Faðir vor:

- Hópverkefni: Nemendur ræða söguna í fámennum hópum og útbúa opnar spurningar
- Nemendur skrifa minningarorð, sjá verkefni með Söknuður bls. 46

Söknuður:

- Skrifa minningarorð í bundnu máli eða óbundnu

Vont og gott / Baldursbrá:

- Túlka og finna andstæður í ljóðum
- Skrifa eigið ljóð

Fylgd:

1. Einstaklingsverkefni: Endursegja ljóðið í mynd eða myndasögu
2. Hópverkefni: Gera grein fyrir einu erindi í mynd og máli. Kynna fyrir hinum hópunum

Af spjöldum sögunnar / Fyrstu menningarþjóðirnar Egyptar, Grikkir, Rómverjar:

- Hópverkefni; rannsóknarspurningar, upplýsingaöflun, úrvinnsla og kynning

Ren-Sí og asni bóndans:

- Rökræðukeppni (hópverkefni)

Mídas kóngur og Ólympsgoð:

- Samfelld frásögn úr efnislegum spurningum
- Endursegja hluta sögunnar í teiknimynda-sögu og skrifa myndatexta

Andrókles og ljónið:

- Lýst er eftir Andróklesi, útbúa auglýsingu/fréttatilkynningu
- Endurrita málsgreinar og aðlaga að nútímalegri orðaröð og orðaforða, nota orðskýringar aftast í bókinni

Sagan af Alí Baba og ræningjunum fjörotíu:

- Setja sig í spor Morgíönu og skrifa dagbókarfærslur/upplestur

Stúlkan fríða og skrímslið:

- Skrifa ævintýri eftir formúlu ævintýra

Krummi:

- Túlkun ljóðsins með leiðandi spurningum og önnur ljóð um fugla

Óveður:

- Orðalistar um veður og málsgreinar um veðurlýsingar

Daglegt líf í febrúar:

- Ljóðagerð, andstæður.

Þrjár dæmisögur, Uglan og mold-varpan/Gaukurinn og dúfan/Svanurinn, geddan og krabbinn:

- Finna málshætti og/eða orðtök sem passa við dæmisögurnar.

Kisa launar fyrir sig:

- Alvitur sögumaður sem notar öll skilningarvitin fimm og fyllir í ramman.

Bræðurnir heljarskinn:

- Hugleiðingar og að setja sig í spor persóna. Skrifa pistil og lesa upp

Bræður Ólafs konungs:

- Endursögn með ívafi

Arnljótur gellini:

- Sögugerð með sjónarhorni Arnljóts gellini
- Finna ljóðstafi, stuðla og rím. Semja ferskeytlur

Bernska Egils: Egill heimsækir afa sinn/Viðburðaríkir leikar/Feðgar takast á:

- Lesskilningur; spurningar, samanburður á Þórólfi og Agli (orðalisti)
- Íþróttalýsing á knattleik
- Útdráttur úr sögunni
- Lýsing á Skallagrími föður Egils
- Samskipti Egils við föður sinn Skallagrím
- Samskipti Egils og bróður hans Þórólfs
- Útlit, skap og eiginleikar Egils

Hallgerður langbrók:

- Samfelld frásögn með spurningum
- Orðaforði um hár og lýsing þess

Ambáttarsonurinn:

- Höskuldur kaupir ambátt/Fæddur Ólafur Höskuldsson:
- Skrifa 1. persónu frásögn um hugsanir Melkorku

Melkorka:

- Að semja leikþátt og túlka tilfinningar

Helga hin fagra, draumur Þorsteins á Borg/Fædd Helga hin fagra:

- Ráða drauminn og flétta persónur sögunnar við fuglana. Skrifa framhald og/eða eigin sögulok

• Urðarköttur:

- Skrifa blaðagrein um Urðarkött/Finnboga ramma fimmtugan

Trunt trunt og tröllin í fjöllum:

- Orðalisti yfir hljóð. Saga um eigin upplifun með notkun orða úr listanum

Þjóðvísa:

- Segultöfluljóð. Klippa orðin niður og endurraða í eigið ljóð

Jón og tröllskessan:

- Orð, orðskýringar og orðtök um sjómennsku, þarfasta þjóninn og fleira

Lóusöngur:

- Semja ljóð um leiðina í skólann og hafa með sögulegar staðreyndir

Smalastúlkan:

- Spurningar og stuðlaðar setningar og orðapör

Þoka:

- Ljóðagerð/persónugerving

Mjóafjarðarskessan:

- Endurrita með eigin orðum vísunar. Finna vísur í öðrum þjóðsögum
- Teikna myndasögu

„Legg í lófa karls, karls“:

- Vísindamaður fer á vettvang. Rannsókn og ritun

Legg í lófa:

- Spurningar og hugleiðingar um ljóðið

Gellivör:

- Endursögn- bein ræða og óbein ræða

Móðurást:

- Frásögn með hjálp spurninga. Upplestur

Sagan af Kolrössu krókríðandi:

- Fylla inn í söguramma um þjóðsögu/ævin-týri. Minni, orð og orðskýringar

Tröllið í Fellahelli:

- Skrifa nútímapjóðsögu

Grýlukvæði (Þjóðkvæði):

- Túlka Grýlu í mynd. Finna fleiri vísur æfa upp-lestur og flytja

Sagan af Mjaðveigu Mánadóttur:

- Flokka persónur, dýr og fyrirbrigði úr sögunni í gott og vont
- Velja 2 persónur úr sögunni og semja samtal/leikræn tjáning

Amma raular í rökkrinu:

- Nýr titill. Að semja barnagælu/vögguvísu. Upplestur
- Velja 2 persónur úr sögunni og semja samtal/leikræn tjáning/upplestur

Neyttu á meðan á nefinu stendur:

- Stuðlaðar setningar og staðsetja í tunnuna

Réttur Íslendinga:

- Huglæg og hlutlæg orð. Svára spurningu ljóðmælanda

Nasreddin verpir eggjum:

- Boðskapur, orðtök og fiskisagan sem flýgur
- Leikræn tjáning (ekki krækja)

Presturinn og djákninn:

- Semja frétt. Upplestur
- Leikræn tjáning (ekki krækja)

Greindarprófið:

- Semja nýjar spurningar fyrir keppni meðal skólafélaga. Hópverkefni.

Storkurinn á akrinum:

- Undirbúa brandartíma

Skórnir hans Abuls Kasem:

- Myndasaga – (setja sig í spor skónna) eða eigin ritun

Vitlausí strákurinn:

- Skrifa handrit og leika

Rammar fyrir myndasögur

Bakgrunnur:

Ljóðið *Á íslensku* samdi Þórarinn Eldjárn sérstaklega fyrir Mjólkursamsöluna í tilefni af íslenskustarfi MS og Íslenskrar málnefndar. Ljóðið er ort við lag eftir Atla Heimi Sveinsson.

Það kom fyrst fyrir augu þjóðarinnar í október 1994 í sjónvarps- og kvikmyndahúsauglýsingu MS um íslenskt mál. Auglýsingunum var ætlað að vekja almenning til umhugsunar um mikilvægi þess að varðveita tunguna. Síðan hefur sama auglýsing birst í sjónvarpi á stórhátíðum og tyllidögum. Oft nefnt íslenskuljóðið og á að minna á fjölbreytileika íslenskrar tungu.

Umræða og ábendingar

Í umræðu um ljóðið þarf að benda nemendum á að í söng og upplestri þarf að fella burtu atkvæði til að halda rétttri hrynjandi í *gleði' og sorg, hér merkt með úrfellingarkommu*.

Í verkefninu sem fylgir er unnið að gerð orðalista. Einnig er hægt að hugsa sér að vinna með orð í víðum skilningi. Nemendur geta t.d. spreytt sig á nýyrðasmíð og hægt er að fara yfir þær aðferðir sem notaðar eru til að mynda ný orð.

Þessar aðferðir eru einkum þrjár:

1. **Samsetning**, þ.e. þegar tveimur eða fleiri orðum sem til eru í málinu er skeytt saman og úr verður nýtt orð. Tölvupóstur (tölva og póstur), bílskúr (bíll og skúr). Þetta er algengasta aðferðin.
2. **Afleiðsla**, þ.e. þegar viðskeytum er bætt við orð eða orðstofn og úr verður nýtt orð. Leikari (að leika og viðskeytið –ari), hugsun (stofn sagnarinnar að hugsa og viðskeytið –un). Einnig þegar sagnir verða nafnorð t.d. að þjóta verður þota. Sú aðferð er gömul í málinu en getur verið erfið.
3. **Orð fær nýja merkingu**.
Gömul orð sem nánast hætt var að nota hafa fengið nýja merkingu, t.d. orðið sími sem merkti þráður í gömlu málfari. Orðið mús hefur fengið nýja merkingu í sambandi við tölvur og þannig er um mörg orð sem tengjast tölvum t.d. minni, gluggi og skjár.

Síðan eru tökuorð sem aðlagast íslenskum beygingarhefðum, sbr. banani og kaffi.

Verkefni

Orðalistar

Ítarefni

Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1961. *Íslenskir þjóðhættir*. Ísafold. 1961. Endurútgefin 2010 hjá Bókaútgáfunni Opna.

Íslensk orðabók Menningarsjóðs. Ýmsar útgáfur.

Hægt er að hlusta á ljóðið sungið á vef Mjólkursamsölnnar:

<http://www.ms.is/Spilari/default.aspx?File=/resources/Files/ms.is/video/Islenka-er-okkar-Mal.flv>

Textinn og nótur fyrir blokkflautu er að finna á slóðinni:

<http://www.ms.is/Islenka/Um-Islenkuljodid/Islenkuljodid/>

Að búa til ný orð: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/hvernigmyndumvid.pdf

Tölvuorð: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/tolvuord_fyrirvef.pdf

Verkefni um nýyrði: <http://www1.nams.is/islenka/verkefni.php?id=5>

Bakgrunnur

Ljóð Böðvars Guðmundssonar *Skrýtið*, hafði ekki birst í bók áður en **Rauðkápa** kom út. Ljóðið er að finna í ljóðabók höfundar **Krakkakvæði** undir nafninu *Samkomulag*.

Böðvar Guðmundsson er fæddur 9. janúar 1939 á Kirkjubóli í Hvítársíðu, Borgarfirði. Hann er fjölhæfur rithöfundur og ljóðskáld, hefur skrifað skáldsögur og leikrit, samið bæði texta og lög auk þess að þýða ótal verk bæði fyrir börn og fullorðna. (Meira er fjallað um Böðvar við Ljóðið Réttur Íslendinga bls. 199). Á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins, www.bokmenntir.is er að finna ítarlega umfjöllun um höfundinn.

Umræða og ábendingar

Benda nemendum á persónugervinguna í ljóðinu. Hvaða hlutir fá líf?

- Það eru fötin sem dansa á snúrunni og eru vinir.

Skáldið setur fram andstæður í ljóðinu, fötin sem krakkarnir eiga (mjög sennilega systkini), leika í blænum og allt leikur í lyndi, en þau rífast í raunveruleikanum og kemur illa saman í sínu daglega lífi.

Í ljóðinu birtist lífleg mynd og er vel til þess fallið að myndgera. Hægt er að sjá fyrir sér þvottinn með brosandi andlit í hægum andvara.

Verkefni

Lesskilningur og túlkun

Ítarefni

Bókmenntavefur Borgarbókasafnsins:

http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-43/RSkra-43

Böðvar Guðmundsson. 2002. *Krakkakvæði*. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Leikþáttur Kristínar Steinsdóttur er sérstaklega saminn fyrir Rauðkápu. Hún hefur samið fjölda-
mörg leikrit bæði fyrir fullorðna og börn. Þau hafa oft á tíðum verið samin sérstaklega fyrir ákveðin
leikfélög og verið sýnd víða um land og einnig í útvarpinu. Í bókinni *Leikum leikrit*, leikþáttasafni
fyrir krakka, er að finna leikritið **Feitasti jólasveinninn** eftir Kristínu.

Umræða og ábendingar

Höfundurinn lætur leikþáttinn **Erfiða ákvörðun** enda snögglega. Þetta er gert af ásettu ráði mjög
líklega til að skapa umræður.

- Hvað gerist eftir að leikþættinum lýkur?

Anna stendur frammi fyrir þeirri ákvörðun að velja hvort hún fari til Þýskalands til að passa frænda
sinn eða að fara í heimsókn til ömmu sinnar á Kópaskeri.

- Kemst Anna að niðurstöðu?
- Hvorn kostinn velur hún?

Oft er sagt að sá á kvölina sem á völinu.

- Kannast nemendur við að vilja eitthvað annað en í boði er?

Hægt er að beina umræðunni yfir í mikilvægi þess að vera sáttur við sitt.

- Er hægt að ákveða að vera jákvæður?

Nemendur geta leikið framhald þáttarins, hvort sem er með spuna eða skrifað handrit og æft. Hóp-
arnir geta dregið hvort þeir leiki tillögu a eða b.

A. Anna er komin til Þýskalands að passa frænda sinn.

B. Anna er komin á Kópasker til ömmu sinnar með fjölskyldunni.

Verkefni í vinnubók er að nemendur setja sig í hlutverk Önnu og skrifa póstkort. Kennari þarf að
benda nemendum á hefðir um uppsetningu á póstkorti. Efst er dagsetning og staðurinn sem
dvalið er á þegar póstkortið er skrifað. Ávarp og síðan innihald og neðst er kveðja og nafn þess
sem sendir kortið. Á hægri hlið fyrir neðan frímerkið er skrifað fullt nafn viðtakanda, heimilisfang,
póstnúmer og bær/borg og land, ef viðtakandi er í öðru landi, hvert um sig á sérstaka línu. Nem-
endur geta útbúið póstkort og sent til ættingja sem ekki búa á heimaslóð nemenda. Hægt er að
nota tímarit og auglýsingabæklinga til að búa til falleg og frumleg póstkort með því að klippa eða
rífa myndir og líma á framhlið þess.

Verkefni

Að skrifa póstkort.

Ítarefni

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir.
2006. *Leiklist í kennslu*. Handbók fyrir kennara.
Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Þórey Sigþórsdóttir. 2009. *Leikræn tjáning*.
Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Leikum leikrit. Leikritasafn fyrir krakka. (Feitasti
jólasveinninn). 1996. Hildur Hermóðsdóttir,

Kristín Steinsdóttir og Björg Árnadóttir sáu
um útg. Reykjavík, Mál og menning.
<http://vefir.nams.is/leikritasmidjan/>

Bókmenntavefur Borgarbókasafnsins:
[http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/
tabid-3396/6134_read-84/RSkra-84](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-84/RSkra-84)

Bakgrunnur

Tanka er skyld hæku en mun eldri. Það er japanskt ljóðform sem rekja má aftur til 8. aldar. Í hverri tönku er 31 atkvæði sem skiptast á fimm línur. Fimm atkvæði í fyrstu og þriðju línu en sjö atkvæði í annarri, fjórðu og fimmtu línu. Tankan er órímað ljóð eins og hækan. Hún er ákveðin mynd úr náttúrunni sem tengist síðan tilfinningum á einhvern hátt í síðustu tveimur línunum. Þannig er tanka oft sögð vera í tveimur hlutum.

Höfundar sem hafa gefið út ljóðabækur með frumsömdum eða þýddum hækum og tönkum eru m.a. Helgi Hálfánarson, Óskar Árni Óskarsson, Gunnar Dal, Toshiki Toma og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Umræða og ábendingar

Tanka og hækka er ljóðform sem er aðgengilegt fyrir nemendur að nálgast. Til að fá nemendur til að hugsa um augnablik úr náttúrunni er hægt að nota ljósmyndir. Dagatöl hafa oft að geyma fallegar ljósmyndir, einnig póstkort, ljósmyndabækur og veraldarvefurinn.

Það sem leggja þarf áherslu á er að fyrri hluti tönkunnar (þrjár fyrstu línurnar) er augnablik úr náttúrunni. Þá er gott að nota spurningarnar; hver, hvað og hvenær. Í seinni hlutanum (tvær síðustu línurnar) eiga tilfinningar að koma fram og þær eiga að tengjast fyrri hlutanum. Þá er gott að nota spurningarnar, hvers vegna og/eða hvernig.

Þegar nemendur semja ljóð er þeim tamt að hafa rím. Í tönku og hæku á ekki að vera rím og atkvæðafjöldinn skiptir máli. Gott er að gera uppkast fyrst því oft þurfa nemendur að finna ný orð og skipta út til að ná réttum fjölda atkvæða.

Nemendum finnst yfirleitt gaman að myndskreyta ljóðið sitt.

Að spreyta sig á að semja hæku er að finna í verkefnum við Blákápu, bls. 40, http://www.nams.is/pdf/blakapa/blakapa_verkefni.pdf

Verkefni

Að semja tönku.

Ítarefni

Ýmsar Ljósmyndabækur.

Japönsk ljóð frá liðnum öldum. 1976. Helgi Hálfánarson þýddi. Reykjavík, Heimskringla.

Óskar Árni Óskarsson. 1994. *Regnhlífar í New York: tíu hækur*. Reykjavík, Ský.

Toma, Toshiki. 2007. *Fimmta árstíðin*. Reykjavík, Nykur.

Kobayashi, Issa. 1994. *Skugginn í tebollanum: 200 hækur*. Reykjavík, Bjartur.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 2006. *Fugl og fiskur, ljóð og sögur handa börnum*. Reykjavík, JPV útgáfa. (Tanka bls. 102)

Rauðkápa bls. 21

Ég hlakka til

Páll Ólafsson

og

Á daginn

Diljá Óladóttir

Bakgrunnur

Í Ljóðsporur segir að „endurtekningar í ljóðum eru notaðar til að magna orð eða orðasambönd sem oftast tjá tilfinningu eða geðshræringu. Endurtekning getur birst í stefi, viðlagi, endurtekningu í upphafi ljóðlína eða lokaorða vísu. Stundum er sama merkingin endurtekin með breyttu orðavali eða samheitum“ (bls. 183).

Umræða og ábendingar

Ljóð með endurtekningum í upphafi ljóðlína sem nemendur geta lesið áður en þeir byrja að semja eigið ljóð er að finna víða í Ljóðsporur. Það hefur reynst vel að leyfa nemendum að spreyta sig á að finna ljóðin á eigin spýtur. Kemur þá mikið kapp í nemendur að finna sem flest þannig ljóð, sérstaklega ef árangurinn er skrifaður á töfluna.

Eftirfarandi ljóð eru í Ljóðsporur og er listinn ekki tæmandi:

- Ísland er land þitt. Margrét Jónsdóttir, bls. 17
- Barnagæla. Vilborg Dagbjartsdóttir, bls. 34
- Til hvers – ? Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, bls. 80
- Spegulun. Elías Mar, bls. 89
- Vor. Gestur Guðfinnsson, bls. 119
- bjartsýni. Ólafur Haukur Símonarson, bls. 149

Ef kennarar vilja æfa persónulegu sögnina að hlakka til, þá er gott að leyfa nemendum að spreyta sig á að nota sérnöfn í stað fyrstu persónu fornafnsins og/eða önnur persónufornöfn. Reynslan sýnir að nemendum sem tamt er að nota sögnina sem ópersónulega (segja s.s. mig hlakkar eða mér hlakkar) geta auðveldlega lært að segja ég hlakka, en það breytist síðan þegar nota á sérnöfn eða önnur persónufornöfn.

Verkefni

Að semja ljóð með endurtekningu.

Ítarefni

Ljóðspor. 1992. Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís S. Mósesdóttir tóku saman. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Nú-tí-minh birtist fyrst í smásagnasafninu *Gúmmískór með gati* sem kom út á vegum Máls og menningar og Samtaka móðurmálskennara (1985). Sagan er táknræn saga, eða *allegoría* sem hefur tvö merkingarsvið. Sést það strax í titlinum Nú-tí-minh sem stendur fyrir nútímann sjálfan. Allegóriur eru klassískar í bókmenntum og myndlist og eru oft notaðar í ádeiluverkum, bæði siðferðilegum og þjóðfélagslegum.

Á vísindavefnum er allegoría útskýrð á eftirfarandi hátt: „Einfaldasta útskýringin á allegoría er sú að með henni sé eitt sagt en annað meint. Gríska hugtakið *allegoria* felur í sér orðin allos sem merkir annað og agoreuein sem þýðir að tala opinberlega. Í allegoría er þess vegna að minnsta kosti tvenns konar merking: hin bókstaflega og hin allegóríska.“

Umræða og ábendingar

Gott er að nálgast söguna fyrst á yfirborðinu með nemendum.

- Hvaða sögu er verið að segja?

Velta síðan teningnum við og nálgast hina hlið sögunnar, þ.e. hvað hún tákni. Spyrja spurninga eins og:

- Hvað táknar sagan?
- Hvað stendur Nútí fyrir?
- Hvað á kúlan sjálf að tákna?
- Hvaða skilaboð eru í sögunni?

Í táknrænum sögum er yfirleitt að finna lykilsetningar. Hægt er að hjálpa nemendum að finna þessar setningar. Hér eru nokkur dæmi:

- „Enda varla á nokkurs manns færi að loka Nútí úti til lengdar.“
- „Í þessari kúlu er sjálf lífshamingjan fólgin.“
- „Þau ætluðu ekki að eyða dýrmætum tíma til einskis, tímanum sem þau voru fjarri drengnum sínum, honum Matta litla patta.“
- „Við ætluðum að finna hamingjuna og leggja hana í lófa þinn, drengur minn, sagði faðir hans þreytulega.“
- „Ég vissi ekki að það væri hægt að leita að hamingju og finna hana eins og týndan bolta, sagði Matti og var ringlaður á svipinn.“

Verkefni

1. Hvernig er táknsagan um Nútí? Spurningar um ytra lag og innra lag sögunnar.
2. Lesskilningur og myndgerð. Teikna Nútí eftir lýsingu textans.

Ítarefni

Gúmmískór með gati. Smásagnasafn Samtaka móðurmálskennara. 1985. Reykjavík, Mál og menning. Hvað er allegoría: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=2526>

Bakgrunnur

Ljóðið er eitt af mörgum „barnaljóðum“ í bók Vilborgar, *Klukkunni í turninum* (1992). Það er einnig að finna í bók hennar *Fugl og fiskur, ljóð og sögur handa börnum*.

Ljóð Vilborgar er óhefðbundið ljóð og segir sögu. Það er ekki prósaljóð samkvæmt ströngustu skilgreiningu því þá væri það ekki sett upp í ljóðlínur. Oft er talað um að ljóð sem eru laus við brageinkenni eins og **Sérstakur dagur** séu prósaljóð þó þau séu sett upp í ljóðlínur vegna þess að þau hafa ljóðræna tjáningu, orðavalið hefur skírskotun í hefðir og rík myndnotkun er í þeim.

Örsögur eru oft líkar prósaljóðum en ekki er gerð eins rík krafa á að þær hafi ljóðræna tjáningu, vísi í hefðir eða hafi ríka myndnotkun. Örsögur hafa oft eitthvað af þessu og það gefur þeim vægi.

Talað er um að skáldkonan Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind 1881–1946) sé einn helsti upphafsmaður að ljóðrænum prósa hér á landi. Hún endurnýjaði og endurvakti þuluformið og fetuðu önnur skáld í hennar slóð. Hún notaði vísanir í eldri skáldskap sem markvisst stílbragð en það er einkenni á nútímaljóðum. Hún var einnig óhrædd við að lýsa ástríðum sínum og varð fyrst til að lýsa í ljóðum kvenlegum kenndum á opinskáan hátt. Hulda orti annað tveggja verðlaunakvæða lýðveldishátíðarinnar 1944, *Hver á sér fegra föðurland*. Hún er ein þriggja skáldkvenna sem rötuðu í gömlu *Skólaljóðin*.

Umræða og ábendingar

Kennari getur lesið með nemendum óhefðbundin ljóð, prósaljóð og örsögur. Þannig geta þeir gert sér betur grein fyrir ólíku formi og líkindum. Í framhaldi af því ættu nemendur að geta spreytt sig á að skrifa prósaljóð eða örsögu þegar þeir hafa séð og heyrt hvað efnistöð og hugmyndir í einfaldleika sínum birtast á ólíkan hátt hjá skáldunum.

Verkefni

Skrifa söguljóð.

Ítarefni

Skólaljóðin. 1964/2010. Kristján. J. Gunnarsson valdi kvæðin. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Elísabet Jökulsdóttir. 2001. *Fótboltasögur (tala saman strákar)*. Reykjavík, Mál og menning.

Haldóra Kristín Thoroddsen. 2002. *90 sýni úr minni mínu*. Reykjavík, Mál og menning.

Jón úr Vör. 1999. *Þorpið*. Reykjavík, Mál og menning.

Óskar Árni Óskarsson. 2001. *Lakkrísgerðin*. Reykjavík, Bjartur.

Óskar Árni Óskarsson. 2004. *Truflanir í Vetrarbrautinni*. Reykjavík, Bjartur.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 1992. *Klukkan í turninum*. Reykjavík, Forlagið.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 1992. *Fugl og fiskur, ljóð og sögur handa börnum*. Reykjavík, JPV.

Bakgrunnur

Faðir vor er fyrsta saga Guðmundar sem birtist á prenti. Hún er í sagnasafninu *Vertu ekki með svona blá augu* (1984). Guðmundur skrifaði í framhaldinu *Emil og Skundi, Emil, Skundi og Gústi* (1990) og *Emil og Skundi – Ævintýrin með afa* (1993), *Heljarstökk afturábak* (1998), *Lísa og galdrakarlinn í Þarnæstugötu* (2001).

Efni sögunnar *Faðir vor* er átakanlegt. Ungur drengur sem á heima í litlum bæ fyrir norðan er á ferðalagi þegar besti vinur hans deyr af slysförum. Leiða má að því líkur að þetta sé æskuminning höfundar og bærinn sé Ólafsfjörður þar sem hann ólst upp.

Í umfjöllun um ljóðið *Söknuður* hér á næstu síðu er fjallað um sorg barna og viðbrögð við henni.

Umræða og ábendingar

Hér er stungið upp á að nemendur sjálfir útbúi spurningar úr sögunni. Kennsluhugmyndin byggir á að nemendur upplifa textann og hlutverk kennarans er að ná fram hugmyndum frá nemendum. Vinnuferlið getur verið þannig:

1. Sagan er lesin eða hlustað á hana og umræður geymdar þar til síðar.
2. Bekknum skipt í 3–5 manna hópa.
3. Nemendur ræða söguna í hópunum og setja fimm spurningar á blað.
 - þeir ákveða hver er ritari hópsins
 - spurningarnar eiga að vera opnar, svarið á ekki að vera já eða nei
4. Kennarinn safnar spurningum saman og raðar þeim upp. Hefur þær tilbúnar fyrir næsta tíma eða eins fljótt og hægt er. Mikilvægt að ekki líði of langur tími áður en umræða fer fram.
5. Umræður í bekknum út frá spurningum nemenda og/eða nemendur svara eigin spurningum.

Kennari getur bætt við spurningar nemenda til að ná fram því sem þarf.

- Hvers vegna ætli drengurinn í sögunni sé nafnlaus?
- Hvers vegna gerir drengurinn uppreisn gegn prestinum?
- Hvert er hlutverk blikkfuglsins í sögunni?
- Hvað bendir til þess að atburðir í sögunni hafi gerst í raun og veru?
- Er hugsanlegt að rafmagnsvírar liggi lausir í dag og valdi hættu?
- Hvernig nær höfundur að skapa viðeigandi andrúmsloft í sögunni?

Verkefni

1. Hópverkefni: Nemendur ræða söguna í fámennum hópum og útbúa opnar spurningar.
2. Nemendur skrifa minningarorð, sjá verkefni með *Söknuður* bls. 46.

Ítarefni

Vertu ekki með svona blá augu. 1984. Smásagnasafn Samtaka móðurmálskennara og Máls og menningar.

Jón úr Vör. 1999. *Þorpið*. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Í gegnum tíðina hefur sorg barna ekki fengið mikið rými í umfjöllun um sorg yfirleitt. Það stafar e.t.v. af því að lengi vel var talið að börn myndu ekki fyrir einkennum sorgar á sama hátt og þekkt hjá fullorðnum og því þyrfti ekki að gefa þeim sérstakan gaum. Þetta viðhorf kemur mjög vel fram í sögunni *Faðir vor*.

Þekking á viðbrögðum barna við sárum missi var til skamms tíma takmörkuð og að sama skapi þekking á því hvernig best væri að mæta þörfum þeirra í slíkum aðstæðum. Því var gjarnan haldið á lofti að hvorki væri hollt fyrir börn að tala um sorg sína né vera þátttakendur í sorgarferlinu eins og fullorðnir. En börn syrgja rétt eins og fullorðnir og þau þurfa að fá að tjá sig og tala um tilfinningar sínar og fá að orða margvíslegar spurningar og vangaveltur.

Umræða og ábendingar

Danska skáldið og presturinn Kaj Munk sagði að barnið væri mjög einmana í sorg sinni. Það getur ekki leitað til annarra barna því þau skilja ef til vill ekki og vilja bara leika sér og ekki til fullorðinna því þeir tilheyra öðrum heimi.

Sigurður Pálsson hefur skrifað um sorg og sorgarviðbrögð barna. Hann segir að það að tala við börn um dauðann sé að tala við þau um lífið. Að hlátur og grátur séu skyld fyrirbæri. Að búa þurfi barn undir að dauðinn sé hluti af lífsferlinu. (*Börn og sorg*, S.P. 1998).

Með því að horfast í augu við ótta og dauða í gegnum lesefni eða myndefni fá börn tækifæri til að vinna gegn ótta sínum. Góðar sögur eru til sem fjalla um dauðann og óttann sem honum tengist (sjá Ítarefni). Í ævintýrum og þjóðsögum gefast mörg tækifæri til að ræða um dauðann og hentar þannig lesefni oft betur en sögur ofurraunsæis.

Það er vandrataður meðalvegur í viðkvæmum málefnum og í fræðiritum er talað um að ekki megi leggja of mikla áherslu á dauðann og fræða börn of ítarlega um hann en svo má heldur ekki flýja málefnið og forðast að ræða um hann.

Verkefni

Skrifa minningarorð í bundnu máli eða óbundnu.

Ítarefni

Álfheiður Steinþórsdóttir. 1995. *Barnasálfræði*. Reykjavík, Mál og menning.

Friðrik Erlingsson. 1992. *Benjamín dúfa*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Hrund Þórsdóttir. 2007. *Loforðið*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Lindgren, Astrid. 1987. *Bróðir minn Ljónshjarta*. Reykjavík, Mál og menning,

Sigurður Pálsson. *Börn og sorg*. 1998. Reykjavík, Skálholtsútgáfan.

Bakgrunnur

Þórarinn Eldjárn fæddist í Reykjavík 22. ágúst 1949. Hann er menntaður í bókmenntum og heim-speki. Frá árinu 1975 hefur hann starfað sem rithöfundur og þýðandi. Hann er afkastamikill rit-höfundur og fjölbætur. Hann hefur ort ljóð, samið smásögur, skáldsögur og leikrit og þýtt mörg skáldverk.

Sjálfur ritar hann á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins: „Ég skrifa af því ég er rithöfundur. Svo einfalt er það. Kannski hefði maður líka eins átt að vera eitthvað annað. En það sem ræður valinu í þessu starfi sem öðrum er líkast til alltaf einhvers konar blanda af áhuga, tilviljun, upplagi, hæfileikum, innstillingu, heppni, óheppni, hégómaskap, metnaði. Hending, bending, vending, þrautalending...“

Einmitt þessi leikur með orð og hugmyndir er það sem höfðar til nemenda. Hafa þeir sérstaklega gaman af að skoða, lesa og túlka ljóð hans, ekki eingöngu vegna orðaleikjanna heldur einnig hvernig hann setur hversdagslega hluti í nýtt samhengi.

Systir Þórarins Sigrún Eldjárn hefur myndskreytt ljóðabækur hans sem ætlaðar eru börnum á öllum aldri.

Umræða og ábendingar

Hér er fjallað um tilfinningar og þann skarpa mun sem andstæðurnar draga fram.

Andstæðurnar eru líkamlegar í ljóði Þórarins, að liggja á klaka er hart, kalt og vont og í mosa er mjúkt, (mögulega hlýtt) og gott.

Andstæðurnar í ljóði Hrannar er um andlega líðan, gleði barnsins við að gleðja og vonbrigði með viðbrögð móðurinnar.

- Er munur á líkamlegri líðan og andlegri líðan?
- Hvernig birtist sá munur? (ef hann er fyrir hendi).
- Er góð líkamleg líðan sú sama og góð andleg líðan?
- Er vond líkamleg líðan sú sama og slæm andleg líðan?
- eru það sömu tilfinningar sem spretta fram?

Verkefni

Túlka og finna andstæður í ljóðum.

Skrifa eigið ljóð.

Ítarefni

Ljóðabækur Þórarins Eldjárns fyrir börn:

Þórarinn Eldjárn. 1991. *Óðfluga*. Reykjavík.

Forlagið

Þórarinn Eldjárn. 1992. *Heimskringla*. Reykjavík.

Forlagið.

Þórarinn Eldjárn. 1997. *Halastjarna*. Reykjavík.
Forlagið.

Þórarinn Eldjárn. 2001. *Grannmeti og átvextir*.
Reykjavík. Vaka-Helgafell.

Þórarinn Eldjárn. 2007. *Gælur, fælur og þvælur*.
Reykjavík. Vaka-Helgafell.

Um Þórarin Eldjárn og verk hans:

http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-116/RSkra-116

Bakgrunnur

Guðmundur Böðvarsson (1904–1974) fæddist að Kirkjubóli í Hvítársíðu í Borgarfirði og bjó þar mestalla ævi sína. Hann vakti strax athygli með fyrstu ljóðabók sinni, *Kyssti mig sól*, árið 1936. Alls gaf hann út tíu frumsamdar ljóðabækur og þýddi bæði ljóð og leikrit og skrifaði sagnasöfn.

Hann var virkur í pólitískri baráttu, einkum gegn bandarískri hersetu á Íslandi og kemur það fram í mörgum ljóða hans. Silja Aðalsteinsdóttir skrifaði ævisögu hans *Skáldið sem sólin kyssti* og í tilefni aldarafmælis hans kom út úrval ljóða hans *Ljóð öld*, hundrað að tölu, sem Silja valdi. Þar segir hún í formála „Guðmundur unni landi sínu og þjóð og þessi einlæga ást, ásamt einstaklega fögru og hnitmiðuðu málfari, er það sem gerir ljóð hans sígild og viðheldur töfrum þeirra.“

Guðmundur kvæntist frænku sinni Ingibjörgu Sigurðardóttur frá Hvammi í Hvítársíðu. Þau eignuðust þrjú börn saman og er Böðvar Guðmundsson rithöfundur sonur þeirra. Ljóðin *Skrýtið* og *Réttur Íslendinga* bæði í Rauðkápu eru eftir hann.

Ljóðið Fylgd birtist fyrst í Þjóðviljanum um jólin 1948 og kom svo í ljóðabókinni *Kristallinn í hylnum* 1952.

Umræða og ábendingar

Vert er að skoða með nemendum náttúrulýsingar í ljóðinu og tilfinningar sem bærast. Hugmyndir um illa vætti, verndun náttúrunnar eða afsal hennar. Þetta virðist sígilt umræðuefni. Þegar ljóðið er samið er það erlendur her, nú er hægt að yfirfæra það á nútímavæðingu og hvernig nýtingu náttúruauðlinda er ráðstafað.

Spurningar sem gott er að hafa í huga til að leiða umræðu með nemendum:

- Hver talar í kvæðinu? Við hvern er hann að tala?
- Hverjir gætu þessar illu vættir verið sem vilja eignast landið?
- Hver finnst ykkur vera boðskapur kvæðisins?

Til eru tvö sönglög við Fylgd. Hið eldra er eftir Sigursvein D. Kristinsson, sem m.a. er að finna á geisladiski með Barnakór Kársnesskóla. Hið yngra er eftir Sigurð Rúnar Jónsson og söng Pálmi Gunnarsson það fyrst inn á hljómplötu með Heimavarnarliðinu. Á geisladisknum Góðra vina fundur er það eingöngu leikið.

Verkefni

1. Einstaklingsverkefni: Endursegja ljóðið í mynd eða myndasögu.
2. Hópverkefni: Gera grein fyrir einu erindi í mynd og máli. Kynna fyrir hinum hópunum.

Ítarefni

Guðmundur Böðvarsson. 2004. *Ljóð öld. 100 ljóð á aldarafmæli*. Silja Aðalsteinsdóttir valdi. Akranes, Hörpuútgáfan.

Silja Aðalsteinsdóttir. 2004. *Skáldið sem sólin kyssti*. Ævisaga Guðmundar Böðvarssonar. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Hér eru nokkrar staðreyndir til viðbótar því sem er í bókinni sjálfri. Kennurum er einni bent á umfjöllun Silju Aðalsteinsdóttur og Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur í eldri kennsluleiðbeiningum sem eru til með Rauðkápu og fást hjá Námsgagnastofnun.

Egyptar

- Gæsir voru húsdýr og var gæsin heilagt tákni Geb, guðs jarðarinnar.
- Lögun pýramídanna er talin endurspeglar sólargeisla sem var mikilvægur í allri sköpun.
- Konur jafnt sem karlar notuðu andlitsfarða, hann fældi frá flugur og dró úr ofbirtu.

Grikkir

- Illíónskviða var grundvallarrit og skyldulesning allra sem vildu mennta sig.
- Leiksýningar og kvæðaflutningur voru mikilvægustu menningarviðburðirnir.
- Samdrykkjan var mikilvægur þáttur í félagslífi karla.

Rómverjar

- Lög Rómaveldis voru skráð niður og höfð til sýnis á Rómartorgi.
- Rómverjar lögðu alls 80.000 km langt vegakerfi sem náði frá Sýrlandi til Bretlands.
- Skóladagurinn var frá dögum til rökkurs. Börn ríkra foreldra fengu menntun frá 7 ára aldri.

Umræða og ábendingar

Nemendahópnum er skipt í litla hópa (tveir til þrjár saman). Hver hópur fær ákveðið verkefni sem tengist menningarþjóðum fornaldar, Egyptum, Grikkjum eða Rómverjum. Nemendur byrja á því að setja fram rannsóknarspurningar sem þeir leitast síðan við að finna svör við með því að:

- afla sér heimilda á skólabókasafni og á veraldarvefnum.
- vinna síðan úr heimildum og setja svör sín og vinnu á veggspjöld (texti og myndir) eða útbúa glærusýningu
- afrakstur kynntur (fyrirlestur/sýning) fyrir skólafélaga og jafnvel einnig fyrir foreldra.

Hér eru hugmyndir af verkefnum sem hægt er að deila út (eða leyfa nemendum að velja eða draga). Einnig eru nokkrar rannsóknarspurningar ef þarf til að hjálpa nemendum að komast af stað.

Egyptar

Pýramídarnir

- Hvar eru þeir?
- Hvernig eru þeir byggðir?
- Hve stórir eru þeir?
- Til hvers voru þeir?

Tut-ank-amos

- Hver var hann?
- Hver fann gröfina hans, hvar og hvenær?
- Hvað fannst annað í gröfinni?

Múmíurnar og Sfinxinn

- Hvernig voru þær búnar til?
- Hvað tók það langan tíma?
- Til hvers voru þær gerðar?

Söfn sem geyma egypskar minjar

- Hvað heita þau og hvar eru þau?
- Hvað er markvert að sjá í hverju fyrir sig?

Áin Níl

- Hvað var mikilvægt við ána?
- Var hægt að ferðast um hana?
- Voru hættuleg dýr í ánni?
- Óx gróður í Egyptalandi?

Grikkir

Ólympíuleikarnir til forna

- Hvert var upphaf þeirra?
- Í hverju var keppt?
- Hvaða hefðir tengdust leikunum?

Ólympíuleikarnir í nútímanum

- Hvenær voru þeir endurreistir?
- Hvenær eru þeir haldnir?
- Hvaða hefðir tengjast leikunum?

Grísku guðirnir

- Hverjir voru þeir helstu?
- Fyrir hvað stóðu þeir?

- Hver var æðstur guðanna?
- Voru þeir raunverulegir?

Spartverjar

- Hverjir voru þeir?
- Hvað gerðu þeir?

Rómverjar

Rómaborg og Rómaveldi

- Hverjir eru Rómúlus og Remus?
- Hvað er sérstakt við borgina?

Mannvirki Rómverja

- Hvað byggðu þeir?
- Til hvers þurfti að byggja?
- Hvernig komust þeir á milli staða?

Hringleikahúsin og Sirkus Maximus

- Hvernig voru þau ?
- Til hvers voru þau byggð?
- Hvað fór fram í þeim?

Skylmingaprælar

- Hvernig voru þeir valdir?
- Hvað þurftu þeir að gera?
- Hvernig fóru leikar þeirra fram?

Herforingjar og keisarar...

- Ástríkur og félagar...
- Yfirráðasvæði Rómverja (kortagerð)

Daglegt líf tengist öllum þremur þjóðunum:

- Hvernig voru húsin og heimilin?
- Fjölskyldugerð?
- Hvað borðaði fólk?
- Hvernig var klæðnaðurinn?
- Hvaða tungumál var talað?
- Menntun og leikir barna?
- Húsdýr og gæludýr?

Verkefni

Hópverkefni; rannsóknarspurningar, upplýsingaöflun, úrvinnsla og kynning.

Ítarefni

Goðsagnir heimsins. 1998. Ritstjóri Dr. Roy Willis. Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Helgi Skúli Kjartansson. 2010. *Frá Róm til Þingvalla*. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

[Steinn Jóhannsson. 2001. Glærur í sögukennslu: http://vefir.nams.is/saga_gl/soguglaerur.pdf](http://vefir.nams.is/saga_gl/soguglaerur.pdf)

Um Pýramídana í Giza:

<http://nams.is/l-dagsins-onn/Landafrædi/Pistill/2006/03/14/Piramidarnir-i-Giza/>

Um Colosseum í Róm: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=1051>

Rómverjar, siðir og venjur: http://vefir.nams.is/fra_rom_til_thingvalla/pdf/i_romarveldi_klb.pdf

Undraheimar Egypta í nýju ljósi. 2008. Pétur Hrafn Árnason þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Undraheimar Rómar í nýju ljósi. 2008. Pétur Hrafn Árnason þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Ævintýrið er úr bókinni *Við tímans fljót: frásögur frá ýmsum löndum* í þýðingu Helga Hálfðanarsonar. Sagan er frá Egyptalandi og deilir á girnd og yfirgang hins ríka gangvart hinum fátæka. Skrifari Ren-Sís skráir orð bóndans á papýrus. Egyptar eiga heiðurinn af því að hafa uppgötvað notagildi papýrusreysins og fóru að framleiða papýrus 4000–3000 árum f. Kr. Stöngull reysins var skorinn í þunnar ræmur sem lagðar voru hlið við hlið, síðan voru aðrar ræmur lagðar þversum þangað til blöðin voru hæfilega stór. Því næst voru blöðin barin og pressuð saman og límd hvert við enda annars með hveitilími. Þannig voru búnar til lengjur sem voru látnar þorna í sól en síðan vafðar upp í svokallaðar rollur. Sedrusolía var borin á þær öðru megin og þegar hún hafði þornað var flöturinn tilbúinn til skriftar. Gallinn við papýrusinn var hversu lítið hnjask hann þoldi og auk þess óx efnið nær eingöngu í Egyptalandi. Papýrusrollunum var rúllað upp á kefli og oft geymdar í leðurhólkum eða leirkrukkum.

Umræða og ábendingar

Það gerir söguna óvenjulega að það skuli vera fagurt tungutak fátæka bóndans sem vekur áhuga faraós á máli hans svo að réttlætið sigrar að lokum.

Tungumálið var og er dýrmætt og getur skipt sköpum við ákveðnar aðstæður. Hægt er að ræða þetta og setja í samhengi við daglegt líf nemenda.

- Þekktja nemendur að það skipti máli hvernig orð eru valin og hvernig hlutir eru sagðir miðað við aðstæður hverju sinni? Hvort talað er við vini, foreldra, kennara, ókunnuga o.s.frv.

Rök og rökræða skiptir máli í sögunni og verkefnið sem fylgir gerir því skil. Æfing í rökum og mót-rökum. Mikilvægt er að halda sig við sinn málstað og breyta honum ekki þó maður sé ekki sam-mála. Það gerir rökræðuna erfiða en er góð þjálfun í að setja fram mál sitt og þjálfra rökfestu. Nem-endur þurfa undirbúning til að semja sína framsöguræðu. Hópurinn semur hana saman og getur einnig flutt ræðuna í sameiningu, þannig komast fleiri að. Hægt er að hafa dómnefnd sem gefur stig fyrir ræðurnar og þarf að hafa í huga atriði eins og innihald, rök, túlkun, framsögn, stöðu o.s.frv.

Verkefni

Rökræðukeppni. (hópverkefni)

Ítarefni

Við tímans fljót: frásögur frá ýmsum löndum. 1985. Alan Boucher endursagði. Helgi Hálfðanarson þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Um papýrus:

Íslensk þjóðmenning VI. 1989. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Kaflinn *Skrifaðar bækur* bls. 59–90 eftir Ólaf Halldórsson. Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga.

<http://www.handritinheima.is/nidrisidur/ordasafn.htm>

Bakgrunnur

Sagan er úr bókinni *Við sagnabrunninn: sögur og ævintýri frá ýmsum löndum* í þýðingu Helga Hálfðanarsonar.

Hljóðfæraleikur var keppnisgrein á Ólympíuleikunum á 5. og 4. öld f.Kr. Grikkir töldu tónlistina vera af guðdómlegum uppruna.

Appolon færði mannkyninu tónlistina. Hann var hinn skínandi bjarti guð, sonur Seifs og Letó og yfirleitt sýndur sem íturvaxinn og fagur ungur karlmaður. Hann er guð spásagna, tónlistar, bogfimi og lækninga. Verndari bogans og bogfimi og örvar hans báru mönnum plágur og sjúkdóma en þó var hann jafnframt verndari lækninga. Einnig var hann verndari tónlistar og annarra lista og oft sýndur með líru á myndverkum. (Goðsagnir heimsins bls. 138). Tónn lírunnar (hörpunnar) var mildur og hreinn. Veiðigyðjan Artemis er tvíburasystir hans.

Bakkus er annað nafn Diónísosar, guð víns og vímu. Hann birtist mönnum oft í dulargervi, t.d. í dýrslíki (oftast sem tarfur eða ljón) eða mannsmynd (hvort heldur sem karl eða kona) eins og segir í Goðsögum heimsins bls. 140. Vín var helgur drykkur á Grikklandi og víndrykkja gegndi hlutverki við flestar trúarhátíðir.

Skógarguðinn Pan átti flautu (Helgi Hálfðanarson kallar hana pípu í þýðingu sinni). Tónn hennar var skerandi og æsandi og var leikið á slíkar flautur við dýrkun Bakkusar. Pan er einnig guð engja, hann er oft sýndur á myndverkum með geitarhorn og klaufir. (Goðsagnir heimsins, bls. 165)

Umræða og ábendingar

Margir fletir eru á sögunni og hún vekur upp grunnspurningar, eins og:

- Í hverju felst hamingjan?
- Hvað á að ráða þegar álit og smekkur er ólíkur?
- Þegar um huglægt mat er að ræða, er þá raunhæft að fá „réttu“ niðurstöðu?

Ósk Mídasar er ekki hugsuð til enda, þar ræður græðgin för fremur en skynsemi. Ræða um mikilvægi þess að hugsa áður en maður framkvæmir.

- Hafa nemendur lent í vanda vegna þess að hugsa ekki áður en þeir framkvæma?

Í skóginum segir Mídas skoðun sína og fær í staðinn asnaeyru.

- eru þetta í raun og veru asnaeyru?

- Efast hann e.t.v. um sína eigin skoðun af því að aðrir telja hana ranga?
- Fer maður að trúá því sem aðrir segja ef það er sagt nógu oft og með sannfæringu?

Að halda þagmælsku, að geta þagað yfir leyndarmáli.

- Hafa nemendur þurft að glíma við það?
- Hafa nemendur betra ráð til að halda þagmælsku en rakarinn bjó yfir?
- eru einhver leyndarmál þess eðlis að betra sé að deila þeim með öðrum?

Nemendur geta fundið meira um guðina grísku sem nefndir eru í sögunni og jafnvel unnið verk efni í tengslum við þá.

Verkefni

1. Samfelld frásögn úr efnislegum spurningum.
2. Endursegja hluta sögunnar í teiknimyndasögu og skrifa myndatexta.

Ítarefni

Goðsagnir heimsins. 1998. Ritstjóri Dr. Roy Willis. Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Reykjavík. Mál og menning.

Við sagnabrunninn: sögur og ævintýri frá ýmsum löndum. 1971. Alan Boucher endursagði. Helgi Hálfðanarson þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Sagan er úr bókinni *Við sagnabrunninn: sögur og ævintýri frá ýmsum löndum* í þýðingu Helga Hálf-danarsonar. Sagan tengir saman fornu stórveldin þrjú Egyptaland, Grikkland og Rómaveldi. Andrókles er grískur þræll hjá auðugum Rómverja sem var búsettur í Norður-Afríku.

Leikritaskáldið írska George Bernard Shaw og nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum (1925) skrifaði samnefnt leikrit sem byggt er á sjálfri sögunni. Í leikritinu er Andrókles kristinn maður í Rómaveldi hinu forna. Þar takast á rómverskar goðsagnir og boðskapur Jesús. Kristin trú er bönnuð, Andrókles er handsamaður og kastað fyrir ljónin. Þegar í hringinn er komið reynist ljónið vera hið sama og hann hafði bjargað og það launar honum nú greiðann. Keisarinn fellur í stafi yfir kraftaverkinu og gerir kristindóm að ríkistrú í Róm. Shaw skrifaði leikritið árið 1912, þegar kirkjan var valdamikil og mikill þrýstingur var á fólk sem ekki trúði á boðskap kirkjunnar um að „breyta rétt“.

Leikhópurinn Andrókles (1972) í leikstjórn Harðar Torfasonar, setti upp leikgerð Ólafs Hauks Símonarsonar af smásögu Guðbergs Bergssonar um Andrókles og ljónið. Guðbergur skyggist inn í huga ljónsins og segir sögu með sjónarhorni þess.

Umræða og ábendingar

Kjarninn í sögunni er hvernig trúmennska og sönn vinátta sigrar allt. Farsæll endir vegur upp á móti grimmdinni sem sagan segir frá. Gott er að grípa tækifærið og hugleiða með nemendum hvaða eiginleika góður vinur ætti að hafa.

- Hvernig er góður vinur?
- Hvaða eiginleika hefur góður vinur?

Í byrjun sögunnar þegar Andrókles hefur verið rændur stendur hann frammi fyrir tveimur vondum kostum. Ræða kostina við nemendur og færa rök fyrir afleiðingum hvors um sig.

- Hverjir voru kostir hans?
- Hverjar voru afleiðingar fyrir Andrókles?

Mikil leit var gerð að Andróklesi og fé lagt til höfuðs honum. Nemendur geta skrifað lýsingu sem hefst á „Lýst er eftir...“ og notað fjölbreytt lýsingarorð sem lýsa ytra útliti, hegðun og skapferli, auk hugsanlegra ferða hans.

Verkefni

1. Lýst er eftir Andróklesi, útbúa auglýsingu/fréttatilkynningu.
2. Endurrita málgreinar og aðlaga að nútímalegri orðaröð og orðaforða, nota orðskýringar aftast í bókinni.

Ítarefni

Aldís Yngvadóttir. 2009. *Ertu? Vinnubók í lífsleikni*. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Sjá einnig kennsluleiðbeiningar við kaflann, *Sjálfsþekking kemur sér vel*.

http://www.nams.is/lifsleikni/ertu/ertu_klb.pdf

Um mannlýsingar: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/mannlysingar.pdf

Georg Bernard Shaw. (ekkert ártal). Leikrit þýdd af Árna Guðnasyni. Úr safni Sveinbjörns Jónssonar.

Smásaga Guðbergs Bergssonar. Samvinnan 1.tbl. 1969–63 árgangur bls. 35–37:

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=4292073

Skemmtanir í hringleikahúsum Rómverja: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=1052>

Við sagnabrunninn: sögur og ævintýri frá ýmsum löndum. 1971. Alan Boucher endursagði.

Helgi Hálf-danarson þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Sagan af Alí Baba er úr Þúsund og einni nótt, höfundarlausu snilldarverki arabískra bókmennta. Í safninu eru 260 sögur. Uppruni margra þeirra er óviss en rætur þeirra má rekja m.a. til Persíu, Egyptalands, Kína, Indlands, Sírlands og Grikklands, auk Arabalanda. Persneskur maður sem hét Rasti á að hafa safnað hluta sagnanna saman fyrstur manna. Kallaðist safnið *Þúsund nætur* og er arabísku þýðingarinnar getið í heimildum frá 9.–10. öld. Síðan var fleiri sögum aukið við, nýir skrifarar skreyttu og breyttu og safnið fékk á sig arabískan heildarblæ.

Þúsund og ein nótt í þeirri mynd sem við þekkjum er saman sett á 13. öld, líklega í Egyptalandi. Sögurnar eru felldar inn í frásögn af drottningunni Sherasade sem vann sér til lífs að segja soldáninum manni sínum sögur hverja nótt. Hætti hún jafnan frásögninni þegar spennan var í hámarki, svo að soldáninn varð að þyrma lífi hennar einn dag enn til að fá meira að heyra. Sögurnar eru flestar langar og frásögnin nákvæm, en lesendur nú á tímum þekkinga yfirleitt aðeins stuttar endursagnir þeirra. Þekktustu sögurnar eru, auk *Alí Baba*, *Aladdín og töfralampinn* og *Sögur Sindbaðs sæfara*. Í safninu er viskan vegsömuð en rangsleitni, græðgi og kúgun fordæmdar.

Íslensk þýðing Steingríms Thorsteinssonar kom út 1857–1958 og síðan hafa nokkrar aðrar útgáfur komið út hér á landi. Silja Aðalsteinsdóttir endursegir söguna hér og stýttir töluvert og stýðst hún við þýðingu Tómasar Guðmundssonar og Páls Skúlasonar af sögunni *Arabískar nætur* sem birtist í *Úrval ævintýra* úr safninu (1936).

Umræða og ábendingar

Í sögunni eru ýmis ævintýraminni s.s.; ólíkir bræður, andstæðurnar fátækur/ríkur, falinn fjársjóður, töfraorð, krossmark á hurð.

H.C. Andersen notar svipuð minni, t.d. krossmarkið í Eldfærunum og mælikerið og gullið í sögunni um Litla-Kláus og Stóra-Kláus.

Salt hefur táknræna merkingu í sögunni. Samkvæmt arabískri þjóðtrú varð maður skuldbundinn þeim sem maður át salt með. Ræninginn vill ekki verða skuldbundinn Alí Baba, þess vegna vill hann ósaltaðan mat. Það er ekki vegna þess að hann sé að hugsa um heilsu sína. Í Austurlöndum er sagt að gestur geti treyst heilindum gestgjafa þegar honum er boðið salt og brauð.

Enn er sú hjátrú tengd salti að þegar flutt er á nýtt heimili á fyrst að fara með salt og brauð inn í húsið til að ekki verði þar matarskortur. (Meira um salt og kristna trú má lesa í kennsluleiðbeiningum Guðnýjar Ýrar og Silju bls. 10–11).

Deilt er á öfund og ágirnd sem verða Kassim að bana. Viska og kænaska Morgíönu eru í hávegum hafðar. Hún sér við brögðum ræningjanna og bjargar lífi Alí Baba hvað eftir annað. Að launum fær hún frelsi og gott gjaforð.

Í verkefninu sem fylgir eiga nemendur að setja sig í spor Morgíönu og skrifa dagbók hennar þessa daga. Þeir velja annað af tveimur verkefnum og svo er hægt að hugsa sér að nemendur lesi upp fyrir hópinn það sem þeir hafa skrifað.

Verkefni

Setja sig í spor Morgíönu og skrifa dagbókarfærslur. Upplæstur.

Ítarefni

Arabískar nætur: æfintýri úr Þúsund og einni nótt. 1934. Tómas Guðmundsson og Páll Skúlason þýddu. Reykjavík, Fjölnisútgáfan.

H.C. Andersen. *Eldfærin, Litli-Kláus og Stóri-Kláus.*

Ólafur Davíðsson. 1964. *Íslenskar skemmtanir.* Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

Þúsund og ein nótt – arabískar sögur – 1971. Steingrímur Thorsteinsson íslenskaði. Reykjavík, Heimskringla.

Bakgrunnur

Frumgerð sögunnar er eftir Madame Leprince de Beaumont, franska konu sem var uppi á 18. öld. Hún var áhugasöm um endurbætur á uppeldis- og kennsluaðferðum og var lengi barnakennari í Englandi. Sögur hennar handa börnum voru gefnar út í mörgum bókum en flestar eru þær gleymdar nema þessi saga sem hefur orðið uppspretta af ýmsum útfærslum af sögunni. Hún heitir á frummálinu *La Belle et la Bête*.

Walt Disney kvikmyndafélagið sendi frá sér myndina um *Fríðu og dýrið* (1991) sem byggð er á sögunni *La Belle et la Bête*. Tónlistin færði myndinni Óskarsverðlaun (1992). Sögunni er töluvert breytt í Disney-myndinni. Þar segir frá hinni ungu Bellu (Belle) sem finnur drungalegan kastala úti í skógi þar sem illgjarna og ljóta skrímslið býr. Skrímslið reynist vera prins í álögum, sem liggja á honum vegna eigingirni hans og sjálfelsku. Þjónustufólkið er einnig í álögum sem ýmiss konar áhöld, þau einsetja sér að hjálpa Bellu til að finna hið góða í skrímslinu og aflétta álögunum áður en það verður um seinan.

Umræða og ábendingar

Í sögunni eru mörg ævintýraminni:

- prins í álögum
- þrítalan: þrjár systur, beið í 3 mánuði, bjó 3 mánuði hjá skrímslinu
- olnbogabarnið: yngsta systirin sem er góðhjörtuð
- töfraspegill (eins og í Mjallhvíti)

Boðskapur sögunnar er að innræti sé meira virði en ytra útlit og að máttur einlægrar ástar geti leyst álagafjötra (sbr. Dimmalimm)

Ef kennari hefur kost á að horfa með nemendum á mynd Walt Disney um Fríðu og dýrið sem byggð er á upprunalegu sögu Madame Beaumont *La Belle et la Bête*, þá er tilvalið að skoða hvað er líkt og hvað er ólíkt í sögu og mynd. Gera grein fyrir því í rituðu eða töluðu máli. Nemendur geta einnig skoðað hvernig tónlistin er notuð til að gefa til kynna ákveðnar tilfinningar, stemningu og væntanlega atburði.

Verkefni

Skrifa ævintýri eftir formúlu ævintýra.

Ítarefni

Bækur um Fríðu og Dýrið. Disneyklúbburinn. Edda útgáfa.

Fríða og dýrið. 2010. Walt Disney mynd. DVD mynd. Samfilm.

Bakgrunnur

Ljóðið **Krummi** er úr fyrstu bók Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi *Svartar fjaðrir* (1919) og sennilegt er að nafnið sé skírskotun í þetta ljóð. Davíð var 24 ára þegar bókin kom út, vakti hún bæði mikla hrifningu og varð á augabragði vinsæl meðal almennings.

Davíð var að mörgu leyti skáld nýrómantíkur. Áherslan er meiri á innra líf einstaklingsins og tilfinningar en á ytra umhverfi. Þar má finna bæði mikla gleði og djúpstæðan harm. Sterkar tilfinningar og miklar andstæður eru einmitt einkennandi fyrir nýrómantískan skáldskap hans. Davíð var einnig hugleikið frelsið og frelsisþrá einstaklingsins og myndmálið var sterkt eins og tíðkaðist hjá nýrómantískum skáldum. Sjálfur sagði Davíð í viðtali við ritstjóra Dags á aðventunni 1956 að það hljóti að vera eðli skálds að vilja göfga og bæta, fegra og friða.

Davíð fékk berkla þegar hann var unglingur, lá rúmfastur og þurfti að gera hlé á námi. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1919 sama ár og *Svartar fjaðrir* komu út. Ásamt skriftum var Davíð bókavörður Amtbókasafnsins á Akureyri. Eftir hann liggja 10 ljóðabækur, skáldsagan *Sólon Islandus um Sölva Helgason* og 4 leikrit, m.a. *Gullna hliðið*. Húsið sem hann lét byggja, að Bjarkarstíg 6 á Akureyri var heimili hans öll fullorðinsárin, er nú safn opið almenningi. Allt er þar eins og Davíð skildi eftir sig þegar hann dó 1964, tæplega sjötugur að aldri. Hann hvílir að Möðruvöllum í Hörgárdal og var sveitin hans í Eyjafirði honum alla tíð afar kær.

Mörg ljóða Davíðs eru sungin og hafa m.a. tónskáldin Páll Ísólfsson og Atli Heimir Sveinsson samið ástsæl lög við ljóð hans. Þar má nefna **Kvæðið um fuglana**, **Komið allir Caprisveinar**, **Konan, sem kyndir ofninn minn**, og **Brennið þið vitar**.

Umræða og ábendingar

Í ljóðinu er brennandi samúð með þeim sem skera sig úr og okkur er bent á að trúa ekki því sem við sjáum og heyrum heldur horfa undir yfirborðið. Margir fá ekki möguleika að sýna sitt rétta innræti því aðrir dæma of fljótt eftir útliti eða talanda og gefa einstaklingnum ekki tækifæri á að sýna hvað í þeim býr.

- Kannast nemendur við þetta, að dæma fólk eftir útliti eða öðrum einkennum sem viðkomandi getur alls ekki ráðið við?
- Þekkja nemendur önnur ljóð þar sem krummi kemur við sögu?
- Hvaða aðrir fuglar eru algengir í ljóðum?
- eru þeir oft notaðir sem tákn fyrir eitthvað annað en fuglinn sjálfan?

Einnig er hægt að vinna með krumma í tengslum við þjóðsögur og hjátrú.

Davíð notar endurtekningar markvisst í ljóðinu til að leggja áherslu á krunk krumma og þar með orð sín. Samhljóða upphaf og lok mynda ramma um ljóðið.

Verkefni

Túlkun ljóðsins með leiðandi spurningum og önnur ljóð um fugla.

Ítarefni

Um Davíð og fleiri ljóð: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/david.pdf

Um uppruna og tákn fugla, m.a. krumma: <http://www.nams.is/dagsins/gudogfuglarnir.pdf>

Fuglavefurinn: <http://www1.nams.is/fuglar/>

Bakgrunnur

Kaflinn er úr barnabókinni *Salómon svarti og Bjartur* (1961) og heitir þar *Skíðaganga*.

Salómon svarti og Bjartur er sjálfstætt framhald af bókinni *Salómon svarti* (1960). Báðar segja þær frá bræðrunum Fía og Fóa og félögum þeirra Sigga sýsl og Dóra dokt, að ógleymdum svarta hrútnum Salómon. Í seinni bókinni hefur hvítur hrafn bæst í hópinn sem nefndur er Bjartur. Sögurnar gerast í Eyrarkaupstað þorpi sem tengist bæði útgerð og landbúnaði. Þar er að finna bryggju sem hægt er að dorga við, árabáta og fjárhús, ásamt því að þangað kemur sauðfjárræktarráðunautur til þess að dæma hrúta. Í seinni bókinni er að finna fróðlega frásögn Skúla í Smiðjubæ af háttalagi hrafnna á haustin í kaflanum Hrafnþing bls. 84–87.

Á vefnum vedur.is er tafla yfir vindhraða og útskýring á loftþrýstingi. Þar segir að vindur sé loft á hreyfingu og loftþrýstingur er breytilegur frá einum stað til annars.

Umræða og ábendingar

Veðurlýsingar í kaflanum **Óveður** eru fyrirferðamiklar. Í verkefninu sem fylgir eiga nemendur að finna veðurlýsingar í kaflanum. Margar þeirra geta verið gott upphaf á sögu síðar eða lýsingar sem nemendur geta aðlagð að eigin ritun.

Orð yfir veður og veðurafbrigði eru mörg í íslensku máli. Enda skiptir tíðarfar og veður miklu máli fyrir landann. Oft er talað um veðrið til að hafa eitthvað að tala um. Þá eru oft ákveðnar setningar sem heyrast, t.d. „það er blíðan“, „þetta er nú meiri tíðin“, „mikið er veðrið búið að vera rysjótt“, „alltaf þessar umhleyplingar“. Geta nemendur fundið fleiri?

Í kaflanum segir „...nú hefur snjóað í heilan sólarhring í logni og snjórinn orðinn geysimikill.“ Það skellur síðan á blindbylur og hvernig er snjórinn öðruvísi ef snjóar í stinningskalda eða stormi?

Einnig er hægt að fjalla um breytta hegðun dýra við yfirvofandi veðrabreytingar eða náttúruhamfarir. Það er alkunna að dýr skynja hljóð og bylgjur fyrr en mannfólkið og kaflinn í *Auðvitað 2* um Hljóð og bylgjur er gott að samtvinna við þessa umræðu.

Verkefni

Orðalistar um veður og málsgreinar um veðurlýsingar.

Kennari getur bætt því við ef áhugi er fyrir hendi að nemendur flokki orðin í nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.

Ítarefni

Hjörtur Gíslason. 1998. *Salómon svarti og Bjartur*. Reykjavík, Bókaútgáfan Skjaldborg.

Um höfundinn og bækur hans: <http://www.ismennt.is/vefir/barnung/salomon.htm>

Helgi Grímsson. 2001. *Auðvitað 2*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Náttúran í nýju ljósi – veðrið. Fræðslumynd til niðurbals á vef Námsgagnastofnunar, www.nams.is
www.vedur.is

Bakgrunnur

Sögurnar eru úr *Úrvali dæmisagna Kriloffs* sem Álfheiður Kjartansdóttir þýddi og kom út 1952. Ivon Kriloff reynir að sýna og brjóta til mergjar eðli þjóðar sinnar með dæmisögum sínum og notar dýr sem tákn fyrir eiginleika landa sinna. „Ef þið viljið skilja þjóð okkar skuluð þið lesa sögur Kriloffs,“ segir í formála að útgáfunni.

Í dæmisögum eru dýr iðulega notuð sem fulltrúar ákveðinna eiginleika, nákvæmlega eins og Kriloff gerir, en þó halda þau áfram að vera dýr með sínar siðvenjur og þarfir. Meginatriði dæmisagna almennt er boðskapur þeirra sem er skýr og auðskilinn. Meira um dæmisögur fylgir í kennaraleiðbeiningum með Blákápu (bls. 50).

Umræða og ábendingar

Í lok hvernar sögu er gefinn til kynna boðskapur hennar. Mögulegt er að spinna áfram og biðja nemendur að koma með fleiri dæmi um eitthvað svipað.

Í málsháttum felst boðskapur, viska sett fram í fáum orðum, og er tilvalið að tengja þá boðskap dæmisagnanna. Oft reynist erfiðara að skilja málshætti en dæmisögur.

- Hvers vegna ætli það sé?

Fleiri en einn málsháttur getur passað við hverja sögu og orðtök geta einnig hentað. Mikilvægt er að ræða hvernig málshátturinn/orðtakið passar við boðskap sögunnar.

Uglan og moldvarpan

Boðskapur: Að hlusta á ráð þeirra sem eldri eru og reyndari og fylgja þeirra leiðbeiningum. Uglan taldi sig vita betur en moldvarpan og hunsaði ráð hennar.

Málshættir/orðtök: Hvað ungur nemur gamall temur. Oft er gott það er gamlir kveða.

Gaukurinn og dúfan

Boðskapur: Ekki er hægt að ætlast til að fá launað ríkulega ef maður leggur ekkert fram á móti. Gaukurinn ætlast til að börnum hans þyki vænt um hann þó svo hann hafi aldrei hugsað um þau í æsku þeirra og uppvexti.

Málshættir/orðtök: Veldur hver á heldur. / Að uppskera eins og maður sáir.

Svanurinn, geddan og krabbinn

Boðskapur: Dýrin vinna öll eftir sínu höfði og hugsa ekkert um hvernig best er að koma vagninum áfram með samstilltu átaki. Það vantar samvinnu þeirra í milli.

Málshættir/orðtök: Margar hendur vinna létt verk. / Það skilar árangri að ganga í takt. Með samstilltu átaki tekst að ljúka verki. Að hendur séu ekki upp á móti hver annarri. Að stilla saman strengi. Að vera samstíga.

Verkefni

Finna málshætti og/eða orðtök sem passa við dæmisögurnar.

Ítarefni

Úrval dæmisagna *Kriloffs*. Þýðing Álfheiður Kjartansdóttir.

Dæmisögur Esóps. 1975. Þorsteinn frá Hamri þýddi. Bókaforlagið Saga.

Málshátta- og orðtakabækur, m.a.:

Íslensk orðtök. 1993. Sölvi Sveinsson. Reykjavík, Iðunn.

Íslenskir málshættir. 1995. Sölvi Sveinsson. Reykjavík, Iðunn.

<http://www.ms.is/Islenka/Fernuflug/Fernuflug-II/ordtok/default.aspx>

http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/dagurislungu_2010.pdf

Bakgrunnur

Saga Þorsteins er úr *Litla dýravínum* (1950), en er talsvert stytta. Hér er sagt dæmi af vitrum ketti, en þetta er ekki dæmisaga. Þorsteinn hafði alltaf mikla samúð með öllum minni máttar hvort sem það voru dýr eða menn. Hann var einn 13 systkina frá Stóru- Mörk undir Eyjafjöllum en ólst upp hjá ömmu sinni í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð. Ljóðið **Fyrr var oft í koti kátt** sem oft er sungið heitir **Í Hlíðarendakoti** og er æskuminning. Það er á bls. 67 í *Ljóðspor*, einnig er þar að finna **Hreiðrið mitt** og **Sólskríkjan** sem bæði eru ljóð um fugla. Ljóð hans **Snati og Óli** er einnig oft sungið með börnum.

Í *Tímanum* (01.11.1973) er grein um endurútgáfu *Litla dýravínarins* og segir þar orðrétt „Það er óþarfi að mæla með Litla dýravínum. Hann mælir með sér sjálfur. Hollara lesefni verður varla lagt í hendur barna og unglunga, bæði til þess að auka smekk fyrir málfegurð og frásagnarsníld og samúð með hinum minnstu bræðrum.“

Umræða og ábendingar

Sagan um Kisu sem launar fyrir sig er um dýr eins og dæmisögur Krilloffs og Esóps, en samt er þetta ekki dæmisaga.

- Hver er munurinn á dæmisögu um dýr og dýrasögu?

Sjónarhorn í sögum varða þá stöðu sem höfundar taka sér í skáldverki. Hvaðan horfir sögumaður á atburði og persónur og með hvaða hætti fær lesandi aðgang að verkinu. Þetta er hægt að ræða við nemendur.

- Í hlutlægri frásagnaraðferð lætur höfundur skoðanir sínar ekki í ljós. Hann sýnir okkur ekki inn í huga persónanna, við vitum bara hvað þær segja og hvað þær gera. Þetta sjónarhorn er alltaf notað í Íslendingasögnum.
- Í þriðju persónu frásögn með takmarkaðri vitneskju sýnir höfundur okkur inn í hugarheim einnar persónu (eða mjög fárra) og fylgir henni eftir.
- Í fyrstu persónu frásögn tekur höfundur sér stöðu innan einnar persónu sögunnar (ég/við). Sagan er sögð út frá sjónarhorni þeirrar persónu og sýnir ekki hvað aðrar persónur hugsa.
- Alvitur höfundur sér allt og veit allt. Höfundurinn sýnir okkur inn í huga allra persóna sögunnar.

Höfundar beita stundum breytilegu sjónarhorni, og stundum eru mismunandi persónur í sömu sögu sem segja frá.

Verkefni

Alvitur sögumaður sem notar öll skilningarvitið fimm og fyllir í rammann.

Ítarefni

Ljóðspor. 1992. Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósesdóttir tóku saman. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2011. *Hugfinnur*. Kópavogur, Námsgagnastofnun. Þorsteinn Erlingsson. 1943. *Þyrnar*, 4. útgáfa. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík. (Ljóðasafn Þ.E.)

Tíminn. 254 tbl. 01.11.1973. bls. 7.

Flrei sögur og ævintýri um dýr eftir Þorstein Erlingsson: http://www.melt.is/lok/kennarar/grunnskoli/islenska/bokmenntir/hofundar/thorsteinn_erlingsson/malleysingjar/index.htm#um_hofund

Bakgrunnur

Frásögnin um tvíburana sem fengu viðurnefnið „heljarskinn“ er upphafið á „*Geirmundar þætti heljarskinns*“ í *Sturlungu*. Þátturinn segir frá uppveiti bræðranna, víkingaferðum og loks flutningum til Íslands. Hámundur fór með Helga hinum magra og er úr sögunni, en Geirmundur nam land á Skarðsströnd og gerðist mikill höfðingi.

Helsta sagan í *Sturlungu* er *Íslendinga saga* eftir Sturlu Þórðarson sem greinir frá nokkrum átakanlegum viðburðum Sturlungaaldar, s.s. Örlygsstaðabardaga, vígi Snorra Sturlusonar og Flugumýrarbrennu. Aðrar sögur eru m.a. Þorgils saga og Hafliða, Prestssaga Guðmundar Arasonar, Þórðar saga kakala, Svínfellinga saga og Hrafns saga Sveinbjarnarsonar. Sturlunga er því nokkurs konar sögu-safn um atburði sem gerðust á Íslandi á 12. og 13. öld. Hún segir frá atburðum úr samtíð höfunda og sker sig þannig frá *Íslendingasögum* sem greina frá atburðum á 9. og 10. öld en eru ritaðir 300 árum síðar eða á svipuðum tíma og sögur Sturlungu eru ritaðar.

Fræðimenn telja að Þórður Narfason lögmaður í Skarði á Skarðsströnd hafi felld sögurnar saman um 1300 og sennilega samið *Geirmundar þátt heljarskinn* sem inngang að ritinu. Margar sögur í safninu hafa upphaflega verið sjálfstæðar og byggja höfundar frásagnir af eigin reynslu og munn-mælum úr sínum samtíma.

Umræða og ábendingar

Sterkar andstæður setja svip á textann. Konungssynir eru *furðulega* ljótir en þrælssonurinn *und-arlega* fagur. Frásögnin gefur tækifæri til að ræða um útlit og innræti. Hægt er að tengja hana ævintýrum, t.d. Stúlkunni fríðu og skrímslinu og ljóðinu um Krumma. Aðalatriðið er að eðlislægir eiginleikar ættu að skipta meira máli en útlitið. Ef hæfileikar persónunnar fá að njóta sín, blómstrar manneskjan.

- Hvað hefði gerst ef ekki hefði verið skipt aftur á strákunum?
- Hver verða örlög Leifs Loðhattarsonar?
- Varð hann aftur þræll eftir skiptin?

Söguhetjur *Íslendingasagna* skiptast í tvo meginflokka. Annars vegar eru það ljóshærð glæsímenni og vinsælar hetjur eins og Gunnar á Hlíðarenda og Kjartan Ólafsson og hins vegar dökkir kappar og grófgerðir, nefljótir, brúnamiklir og ódælir hávaðamenn, sem oft eru skáld eða berserkir eins og Skallagrímur og Egill sonur hans.

Kennari getur látið nemendur undirbúa leikþátt eða spuna úr ímynduðum aðstæðum um framvindu frásagnarinnar. Hægt er að útfæra verkefnið á mismunandi hátt þannig að nemendahópar glími við mismunandi aðstæður:

- Leifur að tala við bræðurna þegar þeir eru orðnir konungssynir.
- Bræðurnir fullorðnir, ennþá þrælur og Leifur er konungur.
- Ambáttin og Loðhöttur útskýra fyrir Leifi að hann er ekki lengur konungur.
- Bræðurnir heljarskinn karpa um hvor þeirra taki við konungstigninni.

Verkefni

Hugleiðingar og að setja sig í spor persóna. Skrifa pistil og lesa upp.

Ítarefni

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. *Leiklist í kennslu*. Handbók fyrir kennara. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Ármann Jakobsson. 2009. *Bókmenntir í nýju landi. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta*. Reykjavík, Bjartur.

Hugtök og heiti í bókmenntafræði. 1983. Ritstjóri Jakob Benediktsson. Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun HÍ, Mál og menning.

Þórey Sigþórsdóttir. 2009. *Leikræn tjáning*. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Kaflinn um bræður Ólafs konungs er sá viðamesti í *Heimskringlu* Snorra Sturlusonar. Hún er rituð um 1230 og geymir sögu Noregskonunga, frá goðsögulegu upphafi (allt frá Óðni) og fram til 1177. „Oft er talið að Snorri hafi fyrst ritað sögu Ólafs en samið síðan sögu allra Noregskonunga í kringum Ólaf sem var þjóðardýrlingur Norðmanna.“ (*Bókmenntir í nýju landi* Á.J. bls. 66).

Ólafur helgi (eða digri) Haraldsson var konungur í Noregi 1015–1030. Þegar hér er komið sögu hefur hann lagt undir sig allan Noreg og fer að heimsækja Ástu móður sína. Þar hittir hann hálfbræður sína og spáir Haraldi konungstign sem síðar rætist. Hann fær síðar viðurnefnið hinn harðráði og var konungur frá 1046 til 1066. Hann dó í bardaga við Stafnfurðubryggju (Stamford Bridge), ekki langt frá Jórvík í Englandi árið 1066. Hann herjaði á Harald Guðnason og ætlaði að hertaka England. Nokkrum dögum seinna kom hertoginn Vilhjálmur bastardur frá Normandí yfir Ermasundið með tæplega 700 skip og herjaði á sama Harald Guðnason. Það var upphaf orrustunnar við Hastings, sú sama og er gerð skil í útsaumsmyndum í Bayeux-reflinum.

Haraldur hárfagri var fyrr á ferðinni, hann tók við af föður sínum Hákonni tíu vetra gamall og var konungur Noregs í 70 ár. Fyrsti konungur alls Noregs. Hann var fæddur í kringum 858 og dáinn um 934 og því ein öld á milli Haralds hárfagra og Haralds Guðnasonar en þeim er stundum ruglað saman.

Umræða og ábendingar

Til forna litu menn svo á að eðli mannsins mótaði hann miklu meira en uppeldið. Einnig að líkaminn væri spegill sálarinnar, t.d. að lögun á nefi eða augabrúnum bæri vott um ákveðna skapgerð.

- Hvernig er þetta nú?
- Eru þessar hugmyndir ennpá við líði?

Fólk hefur enn gaman af að segja frægðarsögur af sjálfu sér, vinum og fjölskyldu. Oft segja foreldrar sögur af ungum börnum sínum.

- Kunna nemendur einhverjar sögur af því þegar þeir voru litlir?
- Eða af systkinum?

Oft eru um að ræða fyndin tilsvör eða skrýtin atvik. Nemendur geta undirbúið sögustund með þess háttar frásögnum. Kveikja að verkefninu getur verið að spila Afi segðu okkur sögu af hljómdiski Hrekkjusvína, Lög unga fólksins. Í textanum segir afi frægðarsögur af sjálfum sér.

Verkefni

Endursögn með ívafi.

Ítarefni

Ármann Jakobsson. 2009. *Bókmenntir í nýju landi*. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta. Reykjavík, Bjartur.

Lög unga fólksins með Hrekkjusvínum. 1998. Hljómdiskur. Skífan.

Um handritin, m.a. gerð þeirra og varðveislu: http://www.handritinheima.is/handritid/forsida_handritid.htm

Bakgrunnur

Sagan af Arnljóti gellina er í *Heimskringlu* í 141. kafla Ólafs sögu helga. Arnljótur gekk síðar til liðs við Ólaf konung Haraldsson, tók trú og féll eins og konungur í úrslitaorrustu hans á Stiklastöðum 1030. Ólafur var tveimur árum síðar gerður að dýrlingi og því nefndur hinn helgi. Bardaginn er tákn fyrir innkomu kristni til Noregs. Dómkirkjan í Þrándheimi (Niðarósi) er helguð honum og var hún krýningarkirkja Noregskonunga.

Grímur Thomsen (1820–1896) fór eftir stúdentspróf aðeins 17 ára gamall til Hafnar (Kaupmannahafnar) og lærði bókmenntafræði sem þá kallaðist estetik (fagurfræði). Meistaraprófsritgerð hans var um Byron lávarð forgöngumann rómantísku stefnunnar í Evrópu. Sjálfur var hann rómantískt skáld og hetjudýrkandi. Hann var alinn upp á Bessastöðum þar sem faðir hans var skólaráðsmaður. Þegar Grímur snéri aftur til Íslands eftir nám og störf við dönsku utanríkisþjónustuna, keypti hann Bessastaði af danska konungnum og var fyrsti Íslendingurinn til að eignast þá jörð eftir að konungur eignaðist hana við víg Snorra Sturlusonar 1241. Hann kynntist Jóni Sigurðssyni í Höfn og stóð með honum að útkomu Nýrra Félagsrita. Grímur stundaði útgerð, var bóndi og ritstjóri ásamt því að sitja á Alþingi í mörg ár. Meðal ljóða hans er *Sprengisandur* og *Á fætur* (Táp og fjör og frískir menn), fleiri ljóð hans er m.a. að finna á www.ljod.is.

Umræða og ábendingar

Grímur Thomsen sækir oft yrkisefni í fortíðina og fornbókmenntir. Samúð Gríms er einlæg með stigamanninum sem varð að lifa líkt og vargur og var eltur af vörögum en lagði sig í framkróka að hjálpa þeim sem voru í nauðum staddir. Slíkir menn eru vinsælar söguhetjur og nægir að minna á útlagann fræga *Hróa hött* í Skírnisskógi á Englandi.

- Hvers konar manneskja er Arnljótur gellini?
- Munið þið eftir fleiri söguhetjum eða teiknimyndahetjum eins og honum?
- Hvers vegna dáumst við að svona mönnum?
- Eru þeir glæpamenn?

Verkefni

1. Sögugerð með sjónarhorni Arnljóts gellini.
2. Finna ljóðstafi/stuðla og rím. Semja ferskeytlu/r.

Ítarefni

Heimir Pálsson. 2005. *Frá lærdómsöld til raunsæis. Íslenskar bókmenntir 1550–1900*. Reykjavík, Vaka-Helgafell. (bls. 149).

Meira um Grím Thomsen: http://www.melt.is/lok/almennt/ljodskald_man/Grimur_Thomsen/Aviagrip/Efnil_ungur_drengur_2.htm

Ljóð Gríms Thomsen: http://www.ljod.is/index.php/ljod/view_poet/36

Bakgrunnur

Egill Skalla-Grímsson (Skallagrímsson) var höfðingi á Íslandi á landnámsöld og tilheyrir fyrstu kynslóð Íslendinga. Hann bjó á Borg á Mýrum en foreldrar hans Skallagrímur og Bera fluttu til Íslands frá Noregi. Um hann er fjallað í *Egils sögu* eða *Eglu* eins og hún er oft nefnd og rituð var á 13. öld. Sagan segir frá víkingum og bændum, konungum og drottningum, bardögum og einvígum, göldrum og gerselum. Sagan spannar 150 ár, hefst um miðja 9. öld en lýkur seint á 10. öld. Egill er aðalpersónan í síðari hluta sögunnar. Hann er víkingur, skáld, féggjarn og með erfitt skap. Hann er stór og ljótur og sumir segja að hann líkist helst trölli. Hann er manna sterkastur, kann að galdra með rúnum og getur ort stórkostleg kvæði. Skáldskapurinn gegnir mikilvægu hlutverki og í kvæðinu *Höfuðlausn*, sem Egill orti til Eiríks blóðaxar konungs til að bjarga lífi sínu, er fyrst notað endarím (runurím) svo vitað sé á Íslandi. *Egla* er oft sett í flokk Íslendingasagna sem eru öðru fremur ævi-sögur skálda og nefndar skáldasögur. Margir telja að Snorri Sturluson hafi ritað *Egils-sögu*.

Umræða og ábendingar

Egill er einungis þriggja vetra þegar hann fer einn riðandi til Yngvars móðurafa síns og yrkir til hans lofkvæði eins og hirðskáld væri að lofa konung. Hann hefur svo ungur fullkomið vald á skáldlistinni og yrkir undir dróttkvæðum hætti. Sagan ýkir og verður frásögnin spaugileg vegna misræmis milli aldurs Egils og framkomu.

Orð Skallagríms við Egil þegar hann neitar syni sínum að koma með vegna þess að hann kundi ekki að vera í fjölmenni þar sem drykkjur eru miklar og að hann þyki ekki góður viðskiptis ódrukkinn, hafa oftast verið túlkuð á þann veg að Egill hafi drukkið áfengi ungur að árum og væri illur viðureignar með drykkju og þess vegna ekki mátt fara með. Ármann Jakobsson bendir á í bókinni *Bókmenntir í nýju landi* að ekkert sé minnst á drykkju Egils í veislunni sjálfri og að í *Egils sögu* komi fram að Skallagrímur taldi að strákurinn ætti ekki að vera viðstaddur drykkju fullorðinna. Í framhaldi hafi hann bent á að þriggja ára börn væru oft óþekk þó ekki væru þau drukkin. Niðurstaða hans er „að þegar sagan er lesin vel gefur hún ekki tilefni til að álykta að Egill Skalla-Grímsson hafi drukkið áfengi þriggja ára. Hins vegar fullyrðir sagan að hann hafi á þeim aldri riðið einn á hesti yfir torfærar mýrar og ort tvær dróttkvæðar vísur og trúi því hver sem vill.“ (*Bókmenntir í nýju landi* ÁJ bls. 86)

Kennarar geta m.a. rætt við nemendur um afbrýðisemi yngra systkinis sem ekki fær það sama og eldra systkini.

- Kannast nemendur við slíkar tilfinningar?

Einnig er hægt að ræða um hvort sagan sé trúverðug.

- Er sagan nógu trúverðug til að geta verið sannsöguleg?
- Er líklegt að höfundur nýti sér ýkjur í ákveðnum tilgangi? Þá hverjum?
- Ætli bræðurnir hafi í raun og veru verið svo ólíkir eins og hér er lýst?

Verkefni

Lesskilningur; spurningar, samanburður á Þórólfi og Agli (orðalisti).

Bakgrunnur

Knattleikur sem hefur slæmar afleiðingar er algengt minni í Íslendingasögum og fornaldarsögum, t.d. Gísla sögu og Þorsteins sögu Víkingssonar. Árni Björnsson lýsir leiknum þannig í *Sögu Íslands II* (bls. 203–4):

Leikurinn fór helst fram á sléttu svelli, og höfðu báðir leikmenn markalínu á bak við sig. Leiktólin voru knöttur og knattdrepa, hvorttveggja úr tré. Annar hafði knatttréð og hóf leikinn með því að reyna að slá knöttinn út fyrir markalínu hins. Sá reyndi hins vegar að varna því og síðan að spyrna eða varpa knettinum yfir markalínu mótherjans. Þegar það heppnaðist, tók hann við knattdreppni og hóf leikinn að nýju.

Trúlega hafa mörg afbrigði verið í leikum þessum, sem sýnast minna nokkuð á ísknattleik okkar daga. Þá virðast leikreglur hafa verið fremur óljósar. Því stundum hlaupa menn með knöttinn í fanginu, lemja hver annan með knatttrénu eða fljúgast á. Vera má þó, að sögurnar greini einkum frá því, þegar einhver brýtur leikreglurnar og illindi hljótast af.

Í námsefninu *Landnámsþættir* sem fylgir námsefninu *Landnám Íslands* er lýsing á hráskinnaleik til forna. Hann er knattleikur og er einn knöttur notaður í leiknum. Til forna var knötturinn gerður úr skinni sem var vöðlað saman til að líkja eftir eins konar bolta. Þátttakendur í þessum leik eru fimm. Fjórir þeirra taka sér stöðu, hver í sínu horni, en sá fimmti er á miðju gólfi. Hann er „úti“. Þeir sem eru í hornunum kasta knettinum á milli sín en sá sem er úti reynir að ná honum. Hann má beita ýmsum brögðum til að ná knettinum önnur en að grípa. Til dæmis má hann hrifsa boltann af þeim sem grípur, reyna að hindra þann sem grípur eða beita hann glímubrögðum. Í þessum leik má ekki meiða andstæðinginn frekar en í öðrum leikjum.

Umræður og ábendingar

Egill sem er á sjöunda ári fer með Þórði vini sínum og fleiri mönnum á knattleik. Grímur sem Egill keppir við er bæði eldri og sterkari en Egill og lætur hann finna fyrir því. Lemur Egill Grím með knatttrénu og fór af velli. Þórður vill hjálpa Agli að hefna sín og lætur hann hafa öxi sem Egill keyrir í höfuð Gríms.

- Hvað gerist þegar ekki er farið eftir leikreglum?
- Hvað gera nemendur þegar einhver fer ekki eftir leikreglum?

Skallagrímur og Bera bregðast við með ólíkum hætti þegar þau fréttu hvað Egill gerði. Skallagrímur lætur sér fátt um finnast en Bera hrósar honum og telur hann mikla hetju og efni í víking.

- Hvað finnst nemendum um það hvernig foreldrar Egils bregðast við hegðun hans?
- Ætli viðbrögð þeirra hafi þótt eðlileg á þessum tíma?
- Hvernig haldið þið að foreldrar myndu bregðast við í dag?
- Hvað haldið þið að yrði um Egil ef þetta gerðist á okkar dögum?
- Hvað finnst nemendum um það að hefna sín?

Verkefni

Íþróttalýsing á knattleik.

(Til kennara: Þetta verkefni geta tveir nemendur unnið saman)

Bakgrunnur

Í Eglu kemur skýrt fram að Kveldúlfur afi Egils og Skallagrímur voru báðir hamramir, enda komnir af hálftröllum. Þeir voru báðir árrisulir en eftir sólsetur varð Kveldúlfur svo styggur að fáir menn máttu orðum við hann koma, og Skallagrímur fékk margfalt afl og ekki var hægt að tala hann til. Hamremi er tengd ævafornum hugmyndum um sálina – að hún geti farið úr líkamanum og brugðið sér í ýmis gervi.

Átök feðga eru kannski algengasta efni sagna frá öllum öldum, fyrir utan ástina og dauðann. Feðgar berjast um völd í goðsögum, fornsögum, þjóðsögum og skáldverkum. Ef til vill eiga þessi átök rætur að rekja til dýrarkisins þar sem eldra karldýr missir völd þegar yngra karldýr sigrar það. Í baráttu Skallagríms og Egils gildir –sem oftár- reglan auga fyrir auga og tönn fyrir tönn: Skallagrímur drepur þá sem Agli eru kærastir, Egill svarar í sömu mynt.

Að ná tólf ára aldri var merkur áfangi fyrir á öldum og algengt í fornbókmenntum að tólf ára piltar séu taldir fullorðnir. Þeir biðja föður sinn fararefna og halda út í heim, þeir ríða þá fyrst til þings, virðast skyldugir til hefnda og eru sakhæfir. Grágásarlögin staðfesta þetta. Nú er lögráða aldur miðaður við 18 ár og er ungt fólk þá sjálfráða og fjárráða og fær kosningarétt. Sakhæfi miðast nú við 15 ára aldur. Ennþá miðast ýmislegt við 12 ára aldur, t.d. færast krakkar yfir í unglíngafargjald í strætó og rútuferðir en í fullorðinsgjald í flugi.

Umræður og ábendingar

Hér segir frá Agli 12 vetra og Þórði sem keppa saman við Skallagrím sem er mjög tapsár. Hann fer í ham og endar á því að drepa Þórð, ætlar síðan að keyra í Egil en barnfóstran hans Brák, bjargar honum. Sjálf stekkur hún til sunds en Skallagrímur kastar steini á eftir henni þannig að hún drepst og er þar nefnt Brákarsund. Egill hefnir sín og drepur besta vinnumann þabba síns. Egill fer tveimur árum síðar með Þórólfi bróður sínum utan, honum líst ekki á skapofsa yngri bróður síns.

Skallagrímur og Egill eru líkir í skapi. Oft er sagt að sjaldan falli eplið langt frá eikinni og má segja að það eigi við hér.

- Hvað væri svona skapgerð kölluð núna?
- Hvað finnst ykkur um hegðun Skallagríms?
- Finnst ykkur rétt af Agli að hefna sín?
- Hvað hefði Egill getað gert annað en að hefna fyrir Þórð vin sinn?
- Hvað finnst ykkur um að Egill fari svo ungur að heiman?

Þessi kafli er vel til þess fallin að leyfa nemendum að leika hann í spuna eða að útbúa handrit sem þeir síðan æfa og leika fyrir skólafélaga.

Verkefni

1. Útdráttur úr sögunni.
2. Lýsing á Skallagrími föður Egils.
3. Samskipti Egils við föður sinn Skallagrím.
4. Samskipti Egils og bróður hans Þórólfs.
5. Útlit, skap og eiginleikar Egils.

Nemendur velja a.m.k. tvö af fjórum verkefnum.

Vinnu á sögunni er einnig hægt að dreifa á langan tíma taka upp umræðu öðru hverju, í hópum og taka fyrir orðaforða, lýsingar, orðatiltæki, ljóð o.s.frv.

Ítarefni

Ármann Jakobsson. *Bókmenntir í nýju landi. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta.* Bjartur. 2009.

Egla. 2004. Brynhildur Þórarinsdóttir endursagði. Reykjavík, Mál og menning.

Landnámsmennirnir okkar. Víkingar nema land. 1999. Stefán Aðalsteinsson. Reykjavík, Mál og menning.

Tímatal sögunnar: <http://www.fva.is/harpa/egla/timi/timatal.htm>

http://vefir.nams.is/komdu/landnamid/leikjahug_landnam/hraskinnal.html

Ýmis ákvæði laga um börn: http://www.logreglan.is/listar.asp?cat_id=249

Bakgrunnur

Hallgerður langbrók Höskuldsóttir er ein af frægari kvenhetjum Íslendingasagna. Hún er kynnt til *Njáls sögu* barn að aldri með óvenjulegum hætti og er lesandinn varaður við henni. Faðir hennar dáist af feegurð hennar og ætlast til að bróðir hans Hrútur sem er í heimsókn geri slíkt hið sama. Hrútur spáir þess í stað að hún muni koma illu til leiðar og að auki þá sé hún með þjófsaugu.

Í Íslendingasögum gefa spádómar og draumar oft til kynna hvað eigi eftir að gerast. Menn voru forlagatrúar og trúðu því að örlögin væru ráðin fyrirfram og ekki hægt að flýja þau.

Njáls saga fjallar um deilur milli manna, sem stigmagnast og ná hámarki þegar hetjan/hetjurnar eru vegnar. Þeirra er hefnt og sættir nást að lokum. Sagan gerist í heiðnu samfélagi þar sem sæmdin skiptir meginmáli og hefndarskyldan er ofar öllu. Áætlað er að sagan sé rituð seint á 13. öld en atburðir hennar átt sér stað 300 árum fyrr (910–1014). Gunnar og Njáll eru bestu vinir og samgangur fjölskyldna þeirra mikill í blíðu og stríðu. Gunnar og Hallgerður búa ásamt sonum sínum á Hlíðarenda og Njáll og Bergþóra búa á Bergþórshvoli með sínum börnum.

Umræða og ábendingar

Í *Sturlubók Landnámu* er viðurnefni Hallgerðar snúinbrók (hrokkinhærð). Í sögunni langbrók, þ.e. með sítt hár. Kaflinn gefur tækifæri á að ræða um viðurnefni sem eru algeng í Íslendingasögnum. Hér er einnig kjörið tækifæri að ræða um muninn á viðurnefni og uppnefni. Hefð er fyrir viðurnefnum um land allt og oft er fólk m.a. kennt við hús, staði, atvik og mæður sínar.

- Þekktja nemendur fólk sem hefur viðurnefni?
- Hvernig eru neikvæð viðurnefni?
- Hvernig eru jákvæð viðurnefni og/eða hlutlaus viðurnefni?
- eru neikvæð viðurnefni uppnefni?

Í sögunni hlustar Hallgerður á orð frænda síns um að hún sé með þjófsaugu og eigi eftir að koma illu til leiðar. Seinna í *Njáls sögu* lætur Hallgerður þræl sinn stela mat af öðrum bæ.

- Hvaða áhrif getur það haft á barn að hlusta á orð eins og Hrútur hefur um Hallgerði?
- Ætli það sé algengt að fólk segi hvað sem er þegar börn eru viðstödd?
- Hvað merkir að aðgát skal höfð í nærveru sálar?

Hægt að færa umræðuna yfir á samskipti barna almennt sín á milli jafnt sem fullorðinna.

Fræg er setning Hallgerðar þegar hún neitar bónda sínum um hárlokkinn „Þá skal ég nú muna þér kinnhestinn og hirði ég aldrei hvort þú verð þig lengur eða skemur.“ Gunnar hafði beðið hana um að fá sér leppa tvo úr hári hennar og að snúa hann í bogastreng með hjálp móður sinnar. Líf hans lá við því óvinur hafði nokkru áður slitið bogastreng hans og fleiri úr óvinaflokknum nálgust. Hann varðist síðan með atgeir sínum en féll að lokum. Hér er leppur hárlokkur, en venjulega voru hrosshár notuð í boga.

Verkefni

1. Samfelld frásögn með spurningum.
2. Orðaforði um hár og lýsing þess.

Ítarefni

- Njála*. 2002. Brynhildur Þórarinsdóttir endursagði. Reykjavík, Mál og menning.
- Laxdæla*. 2006. Brynhildur Þórarinsdóttir endursagði. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Höskuldur Dala-Kollsson var afkomandi Auðar djúpúðgu (í *Laxdælu* kölluð Unnur). Hún nam land í dölum Breiðafjarðar og er þar sögusvið *Laxdælu*. Hún var ein fárra landnámskvenna og að auki ein fárra landnámsmanna sem voru kristnir. Höskuldur var stórbóndi og höfðingi á Höskuldarstöðum í Laxárdal.

Hann fer til Noregs til að afla timburs í húsbýggingu. Í ferðinni fer hann á kaupstefnu sem er einsonar markaðshátíð og kaupir sér ambátt fyrir 3 merkur silfurs. Lágmarksverð var 1 mörk silfurs fyrir ambátt en fór síðan eftir fríðleika hvort það fór hærra. Kaupstefnan var í Brenney rétt fyrir utan Gautaborg.

Ferðir á konungsfund er algengt minni í Íslendingasögum og meginefni í Íslendingapáttum. Íslendingurinn hlýtur frægð og frama, er oftast í hávegum hafður hjá konungi og fær góðar gjafir. Oft yrkir hann kvæði til konungsins, skjallar á annan hátt eða gerir honum einhvern greiða.

Höskuldur giftist Jórinni og er Hallgerður langbrók dóttir þeirra. Með ambáttinni Melkorku Mýrkjartansdóttur, írsku konungsdótturinni, á hann son sem er Ólafur pá (hinn skrautlegi). Hallgerður langbrók síðar eiginkona Gunnars á Hlíðarenda í Njálu og Ólafur pá eru því hálf systkini. Ólafur pá giftist Þorgerði elstu dóttur Egils Skallagrímssonar og er væntanlega nefnd eftir fósturu hans Þorgerði Brák. Ólafur pá og Þorgerður eiga Kjartan söguhetju í *Laxdælu* sem ásamt uppvaxtarbróður sínum Bolla (Þorleikssyni) berjast um ástir Guðrúnar Ósvífursdóttur.

Höskuldur og hans afkomendur tengjast þannig nokkrum helstu Íslendingasögum. Persónur eiga allar sína ævi á landnámsöld og fram yfir kristnitöku. Þær eru stílfærðar í sögunum en engu að síður má ætla að margt sem þar er sagt frá hafi gerst í raunveruleikanum. Það ber þó að hafa í huga að ritunin fer fram a.m.k. 300 árum eftir að atburðir gerðust og því eðlilegt að þeir séu aðlagðir og færðir í auka til að úr verði spennandi saga.

Umræða og ábendingar

Melkorka ákveður að tala ekki. Hún getur þó talað. Sumir telja að móðurástin hafi knúið hana til að tala. Hún hafi viljað kenna Ólafi syni sínum góða siði. Viljað færa honum menningararf sinn frá Írlandi, vísur og fróðleik frá sinni æsku.

- Hvers vegna ætli hún hafi valið að þegja?

Þá má hvetja nemendur að setja fram tilgátur þar um. Ambáttir og þrælur máttu ekki horfa í augu húsbænda sinna, ekki tala að fyrra bragði og ekki segja skoðanir sínar. Melkorka er alin upp sem kóngsdóttir og hefur verið mikil breyting á hennar högum að verða hneppt í ánaud.

Kjörpögli er það nefnt þegar fólk kys að tala ekki. Hún er kvíðaröskun sem felst í því að einstaklingur sem getur talað kys að tala ekki við ákveðnar félagslegar aðstæður. Oft eru börn sem eru með kjörpögli einnig haldin félagsfælni.

Jórunn er lögleg einkona Höskulds, væn kona og vitur. Þau eiga saman fjögur börn, tvo syni og tvær dætur. Synirnir eru skilgetnir og réttbornir til arfs. Höskuldur vill gera vel við Melkorku þegar hann kemst að því að hún er konungsdóttir og ann einnig Ólafi syni sínum.

- Hvaða ástæðu hefur Jórunn til að vera afbrýðisöm útí Melkorku?

Verkefni

Skrifa 1. persónu frásögn um hugsanir Melkorku.

Ítarefni

Laxdæla. 1995. Gunnar Karlsson stytta og endursagði. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Laxdæla. 2006. Brynhildur Þórarinsdóttir endursagði. Reykjavík, Mál og menning.

Um kjörpögli: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=5361>

Kort af Brenney: <http://www.branno.nu/bilder/Karta.pdf>

Bakgrunnur

Ljóð Jóhannesar úr Kötlum er tekið úr fyrstu bók hans, *Bí, bí og blaka*. Hann orti alla tíð ljóð um söguleg efni. Í ljóðinu lifir skáldið sig inn í atburðinn. Í 12. og 13. kafla *Laxdælu* er ítarlega fjallað um Melkorku frá því að Höskuldur kaupir hana og hún flyst á Melkorkustaði í Laxárdal. Seinna í *Laxdælu* (21. kafla) fer Ólafur þá til Noregs og kemur við hjá afa sínum Mýrkjartani Írakonungi. Hann færir honum fingurgull sem var tannfé Melkorku frá föður hennar. Kemur fram að Ólafur mælir á írsku og hefur Melkorka því varðveitt móðurmálið sitt með syninum. Fjölskylda hennar var að vonum glöð að heyrja af Melkorku.

Ólafur þá fór í fóstur 7 ára gamall til Þórðar godda á Goddastöðum. Þórður hafði boðið Höskuldi að gera hann að sínum einkaerfingja. Þótti það mikill heiður ef stórbóndi eða höfðingi bauðst til að taka barn í fóstur. Má nefna í því sambandi Snorra Sturluson sem tekinn var í fóstur af Jóni Loftssyni í Odda. Ólafur þá tók síðar Bolla í fóstur frá hálfbróður sínum og ól upp með sínum börnum. Hann átti sjálfur Kjartan sem nefndur var eftir afanum, írsku konungnum Mýrkjartani. Þar eru komnir uppeldisbræðurnir Kjartan og Bolli sem takast á um ástir Guðrúnar Ósvífursdóttur í Laxdælu.

Umræða og ábendingar

Í verkefninu sem fylgir eiga nemendur að semja leikpátt og reyna að túlka tilfinningar. Kennarinn getur útbúið grindina og beðið hópana á víxl að leika með ýmis konar látbragði; gleði, sorg, reiði, kvíða, ofsakæti, hugarangri og svo framvegis. Í sama leikpátti geta Melkorka og Ólafur skipst á tilfinningablæ þannig að Ólafur sé sá glaði en Melkorka sú reiða og síðan öfugt. Það reynir verulega á tilfinningasviðið að þurfa að túlka gleði með reiði eða reiði með gleði.

Til þess að leikpáttur verði ekki of langur er nauðsynlegt að sameinast um upphaf og lok en nemendur spinna þar á milli miðað við fyrirfram ákveðinn tíma.

Ambáttir og þrælar voru eign húsbænda sinna og unnu erfiðustu störf. Einungis húsbóndinn mátti refsa þræl sínum. Þrælar höfðu lítil réttindi en gátu gifst og staðið fyrir búum, máttu ekki eiga land, bera vopn eða kjósa á þingum. Þeir áttu rétt á bótum fyrir sumar misgerðir og vígsbætur fyrir ánauðuga frændur sína. Þeir máttu eiga örlitla eign sem nefndur var úrkostur. Með henni gátu þeir keypt sér frelsi og þá einungis að vori. Leysingjar kölluðust þrælar sem höfðu keypt sér frelsi. Þeir voru ekki jafn réttháir og aðrir frjálsir menn. Þrælahald var viðvarandi fram að kristintöku.

Það var í raun ódýrara fyrir bónda að vera með vinnufólk en þræla. Vinnufólk gat hann ráðið til sín tímabundið og hafði engar skyldur til þess. Þrælar og ambáttir sem voru óvinnufær þurftu þeir að ala önn fyrir á sínu heimili.

Verkefni

Að semja leikpátt og túlka tilfinningar.

Ítarefni

Ljóðasafn I bindi. Bí, bí og blaka. 1975.

Jóhannes úr Kötlum. Reykjavík, Heimskringla.

Laxdæla. 2006. Brynhildur Þórarinsdóttir endursagði. Reykjavík, Mál og menning.

Laxdæla. 1995. Gunnar Karlsson stytta og endursagði. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Laxdæla. Hjóðbók til niðurhals, lðunn Steinsdóttir les: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=a9e72aa1-e44a-4af8-97ab-46bbb878b9f7>

Laxdæla. Kennsluleiðbeiningar (kaflar 2, 3 og 4 eru um Melkorku og Ólaf þá). http://www.nams.is/pdf/laxdaela_saga_net_.pdf

Bakgrunnur

Frásagnirnar eru úr byrjunarköflum *Gunnlaugs sögu ormstungu* sem er sígild ástarsaga. Tveir piltar, Gunnlaugur ormstunga og Skáld-Hrafn, keppa um ástir Helgu Þorsteindóttur. Helga er sonardóttir Egils Skallagrímssonar, dóttir Þorsteins sem var yngstur fimm barna Egils og Ásgerðar konu hans. Helga er ljós yfirlitum og fögur eins og faðir hennar og afabróðir (Þórólfur), en fátt virðist hún hafa erfitt frá afa sínum Agli.

Forlagatrú er ríkur þáttur í sögunni. Strax í upphafi er meginþráður sögunnar rakinn í draumi Þorsteins og ráðningu Austmannsins Bergfinns. (Austmaður er Norðmaður, þ.e. kemur að austan). Ör-lög Helgu og piltanna tveggja eru fyrirfram ákveðin. Þorsteinn reynir að koma í veg fyrir að spáin rætist. Draumur Þorsteins á sér hliðstæðu, t.d. í draumum Guðrúnar Ósvífursdóttur í *Laxdælu*.

Bent hefur verið á að *Gunnlaugs saga* minni á riddarasögur, einkum svipi Helgu til kvenhetja riddarabókmennta. Einnig eru örn og fálki táknmyndir frá riddaratímanum.

Umræða og ábendingar

Hér er hægt að leggja áherslu á forspágildi drauma og forlagatrú við nemendur. Hvernig draumar vekja hugboð um það sem koma skal og vekja eftirvæntingu lesandans.

- Skipta draumar máli enn á okkar tímum?

Í draumráðningum www.draumur.is eru upplýsingar um hvað fuglar boða í draumi:

- Álft (svanur) er fyrir feegurð, yndisþokka og feigð.
- Örn er æðra sjálf og að sjá hann á flugi táknar að fyrirætlanir muni ganga vel og heppnast.
- Valur (fálki) er tákn um að ekki eigi að misnota sér stöðu sína og að dreyma fálka á flugi boðar að takmark mun nást ef unnið er kappsamlega.
- Að sjá fálka eða örn í búi er ábending um að óvildarmenn hyggist leggja stein í götu þína og eða brugga þér launráð.
- Fugl sem flýgur burtu getur táknað vonbrigði.

Kennari getur lesið framhald sögunnar til að gefa aðeins meiri innsýn. Fjórði kafli í sögunni sjálfri er næstur því sem sleppir í Rauðkápu. Sagan er ekki löng og til í aðgengilegum skólaútgáfum sem hægt er að hvetja nemendur til að lesa. Útgáfa sögunnar í Rauðkápu bjuggu þeir Guðni Jónsson og Tómas Guðmundsson í hendur íslenskrar æsku eins og stendur á kápu bókarinnar.

Um útburð ungra barna er fjallað um með sögunni Urðarketti.

Verkefni

Ráða drauminn og flétta persónur sögunnar við fuglana. Skrifa framhald og/eða eigin sögulok.

Ítarefni

Gunnlaugs saga ormstungu. Skólaútgáfa. 2009. Ragnar Ingi Aðalsteinsson sá um útgáfuna. Reykjavík, Bókaútgáfan Hólar.

Með kurt og pí. Riddarasögur handa grunnskólum. Baldur Hafstað og Kolbrún Bergþórsdóttir sáu um útgáfuna. Mál og menning 1988.

Ormstunga – Ástarsaga. Fræðslumynd í leikgerð Benedikts Erlingssonar, Halldóru Geirharðsdóttur og Peter Engkvist: <http://drm.nams.is/ngs/ngsfiles/Ormstunga.wmv>. Námsgagnastofnun, 2003.

Bakgrunnur

Frásögnin af uppveiti Urðarkattar er upphaf *Finnboga sögu ramma* sem gerist á 10. öld. Sagan er ævintýraleg og notar höfundur óspart efni úr öðrum sögum. Fyrri nafnið fær söguhetjan vegna þess að hann er borinn út og fannst í urð. Seinna bjargar hann skipbrotsmanni sem Finnbogi hét og gaf hann Urðarketti seinna nafnið. Hann var og rammur að afli og þess vegna heitir sagan *Finnboga saga ramma*. Sögusviðið er víða á Íslandi, m.a. Flateyjaralur í Suður-Þingeyjarsýslu, Trékyllisvík á Ströndum (Finnbogastaðir) og í Noregi.

Barnaútburður virðist hafa tíðkast meðal allra fornþjóða. Algengara var að bera út stúlkur en drengi. Þær voru dýrari foreldrum sínum en piltar því með þeim þurfti að greiða heimanmund þegar þær giftust. Faðir var einráður um líf barns og móðirin gat ekki annað en hlýtt, þó hún vildi gefa barninu líf. Barnaútburður þótti jafnan hið versta verk og ekki sæmandi nema fátæklingum sem ekki gátu alið önn fyrir barninu sökum ómegðar. Ef barn var borið út eftir að það hafði verið vatni ausið var það talið morð. Barnaútburður var bannaður í kristnum sið, en fáum sögum fer af því hvernig þeim lögum var hlýtt framan af. Á síðari öldum eru dæmi um að ógiftar stúlkur leyndu þungun sinni, fæddu börn sín með leynd og báru þau út. Enda gat dauðarefsing legið við og kallað lauslæti. Þjóðsagan *Móðir mín í kví kví* er saga um slíkan útburð.

Í Apenu hinnu fornu var til siðs að láta barnið í leirker og skilja það eftir inni í musteri eða annars staðar þar sem auðvelt var að finna það, ef einhver vildi taka það í fóstur. Sagan um Móses í Biblíunni er álíka, þar sem hann er skilinn eftir í sefinu.

Umræða og ábendingar

Fríðleiki Urðarkattar er áberandi og dregið í efa að hann geti verið sonur Syrpu og Gests.

- Þekktja nemendur aðrar sögur um slíkt?

Hugsanlega þekktja þeir söguna um Áslaugu í hörpunni dóttur Sigurðar Fáfnisbana í *Ragnars sögu loðbrókar*.

Að vera rammur að afli á við Urðarkött. Hann hefur verið nærri þrjú metrar á lengd og vegið yfir 100 kíló sex vetra gamall. Mikill ævintýrablær er á frásögninni og eins þegar hann snarar höfuðið af uxanum (líkt og Þór gerir hjá Humi jötni í Snorra-Eddu). Síðar í sögunni drepur hann björn í híði sínu með berum höndum. Á vefnum <http://www.snerpa.is/net/isl/finnboga.htm> er sagan í heild, ef kennarar vilja gefa nemendum fleiri staðreyndir úr ævi Urðarkattar/Finnboga ramma. Lokaorð sögunnar eru svohljóðandi: „*Finnbogi varð gamall maður og þykir verið hafa hinn mesti ágætismaður bæði á afl og vöxt og alla kurteisi... Finnbogi unni Bergi mest sona sinna... Þjó hann eftir föður sinn á Finnbogastöðum... En bræður hans aðrir voru mjög í förum þar til er þeir staðfestu ráð sitt og þóttu allir mikilhæfir menn. Og lýk eg þar Finnboga sögu.*“

Það er stundum sagt að allir karlmenn sem verði mikilmenni eigi góða og eftirláta móður sem elskar þá heitt. Þetta sést vel á Agli Skallagrímssyni og Finnboga ramma. Í Njáls sögu er sagt að fjórðungi bregði til föður, fjórðungi til móður, fjórðungi til fósturs og fjórðungi til nafns. Oft er það haft á orði um persónur í öðrum sögum.

Í þjóðtrúnni eru ýmis skrýtin og hættuleg kvikindi sem heita einkennilegum nöfnum, eins og finn-gálkn, skoffín, skuggabaldur og urðarköttur. Um urðarketti er sagt að þeir grafi sig í jörðu í kirkju-görðum og leggjast á lík og éti þau. Þegar þeir koma upp aftur þá er augnaráð þeirra svo illt að það drepur allt sem fyrir verður. Eitt er það sem þeir þola illa og það er að sjá sjálfa sig í spegli. Á sama hátt og þeir drepa önnur dýr með augnaráðinu einu saman, þá bíða þær bana af því að horfst í augu við sjálfa sig.

Verkefni

Skrifa blaðagrein um Urðarkött/Finnboga ramma fimmtugan.

Ítarefni

Finnboga saga ramma. Hljóðbók.is. 3 diskar (200 mínútur) Örnólfur Thorsson flytur aðgangsorð og Pétur Gunnarsson les söguna.

Inga Huld Hákonardóttir. 1995. *Fjarri hlýju hjónasængur*. Öðruvísi Íslandssaga. Reykjavík, Íslenski kiljuklúbburinn.

Finnboga saga ramma. Hljóðbók.is. 3 diskar (200 mínútur) Örnólfur Thorsson flytur aðgangsorð og Pétur Gunnarsson les söguna.

Landnámsmennirnir okkar. Víkingar nema land. 1999. Stefán Aðalsteinsson. Reykjavík, Mál og menning.

Sagan í heild: <http://www.snerpa.is/net/isl/finnboga.htm>

Um kvikindi í þjóðtrú, unnið úr heimildum Jóns Árnasonar, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri:

http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&task=view&id=522&Itemid=46

Bakgrunnur

Það eru til mun fleiri íslenskar sögur af skessum en jötnum, og voru tröllkarlar taldir nær útdauðir í lok 16. aldar. Þurftu skessur því að seiða mennska menn til fylgilags við sig. „Þess eru mýmörg dæmi að tröll heilli til sín fólk og er framganga þeirra oft hrikaleg og óhefluð. Þeir sem þannig lenda í höndum þeirra tryllast í orðsins fyllstu merkingu og taka á sig tröllsmynd með tímanum, auðnist þeim ekki að sleppa í tæka tíð. Líður þá ekki á löngu uns þeir afneita guði sínum og taka átrúnað á trunt, trunt og tröllin í fjöllunum.“ (Álfar og tröll ÓP bls. 23)

Ekki er það alveg vandalaust að breyta manni í tröll og tekur það oft sinn tíma þar til hún er orðin nægjanlega tröllsleg. „Þegar tröll eru að magna og trylla þá menn er þau hafa heillað til sín eru þau von að maka þá í floti og súru smjöri þannig að tvö tröll baka og toga þá yfir glæðum og heldur þá annað í höfuðið og hitt í fæturna.“ (PJÁ I:184) Við þetta breytist maðurinn smám saman í tröll og næsta stig er að hann kastar trúnni.

Umræða og ábendingar

Ótti manna við að vera einir á ferð í skammdegismyrkri í hrikalegri náttúru endurspeglast í mörgum þjóðsögum. Menn heyra kallað í fjöllunum og sjá risavaxnar verur koma í áttina til sín. Þjóðsögur myndast um menn sem hverfa og finnast aldrei eða koma aftur undarlegir í háttum eins og gerist í þessari sögu. Margar sögur spretta fram við upplifun.

- Hafa nemendur upplifað eitthvað draugalegt eða óhugnanlegt?
- Hafa þeir fundið fyrir einhverju þegar þeir hafa verið í fjallgöngu, eða sofið í tjaldi?
- Átt að sækja eitthvað t.d. niður í kjallara eða geymslu og fundið fyrir einhverju?

Gott er að útbúa orðalista um hljóð með nemendum. Hægt að tengja það kaflanum um hljóð í *Auðvitað 2*. Biðja nemendur að lýsa atkviki úr eigin lífi og nota til þess orð yfir hljóð en ekki bara gefa frá sér hljóðið. Þannig er hægt að byggja upp sameiginlegan orðalista. Hann er síðan hægt að nota ítrekað í ritunarverkefnum. Það reynist nemendum miklu auðveldara að gefa frá sér hljóðið en eiga orð yfir það.

- Hvað heitir hljóðið sem heyrir þegar gengið er um tréstiga?
- Hvaða hljóð heyrast í veðrinu, vatni og sjó o.s.frv.?

Það marrar, hvín, vætlar, seytlar, niðar, skjáfjar, ískrar o.s.frv. Bæta svo við orðalistann eftir því sem dagar og vikur líða og tilefni gefst til.

Verkefni

Orðalisti yfir hljóð. Saga um eigin upplifun með notkun orða úr listanum.

Ítarefni

Helgi Grímsson. 2001. *Auðvitað 2*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur. Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka-og blaðaútgáfan SF.

Trunt, trunt og tröllin. 2009. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I-VI (3. útgáfa) 1954–1961. Jón Árnason safnaði. Reykjavík, Þjóðsaga.

Bakgrunnur

Jóhannes (Bjarni Jónasson) úr Kötlum (1899–1972) var rithöfundur, ljóðskáld og farkennari. Hann fæddist að Goddastöðum í Laxárdal (sama bæ og Ólafur þá var tekinn í fóstur hjá Þórði).

Í gegnum störf sín sem kennari og sumarstarf í óbyggðum m.a. á Kili og í Þórsmörk hefur hann verið í nánum tengslum við þjóðsagnaarfinn og náttúruna. Hann var einnig alþingismaður og formaður Félags byltingasinnaðra rithöfunda. Náttúran átti alltaf sterk ítök í ljóðum hans og er oft nátengd tilfinningum og lífsviðhorfum hans. Jóhannes úr Kötlum var afkastamikill höfundur og liggja eftir hann 20 ljóðbækur, 5 skáldsögur, margar þýðingar, greinar í blöðum og tímaritum svo og erindi um stjórnsmál og menningarmál. Hann hafði ríka réttlætiskennd og lét pólitískar skoðanir sínar í ljósi. Fræðarinn var aldrei langt undan og miðlaði hann ríkulega af menningararfinum. Jólaveinavísur hans eru án efa vinsælustu vísur æskunnar á Íslandi á aðventunni.

Umræða og ábendingar

Jóhannes úr Kötlum vísar til þjóðsagna í Þjóðvísu sinni. Vísan er endursögn þjóðsögunnar um *Nátttröllið* (Blákápa bls. 91–101). Ung stúlka býðst til að vera heima á jólanótt og gæta bæði barns og bæjar meðan fólk fer til aftansöngs. Kemur þá nátttröll á baðstofugluggann og kveður, stúlkan svarar ætíð að bragði. Á endanum hverfur nátttröllið og verður að steini á bæjarhlaðinu. Í þriðju línu er vísað til sögunnar hér á undan **Trunt, trunt og tröllin í fjöllumum**.

Hægt er að hvetja nemendur að semja ljóð með vísun í þjóðsögur sem þeir þekkja og/eða gera eins og Jóhannes úr Kötlum að skrifa ljóð sem endursögn þjóðsögu.

Verkefni

Segultöfluljóð. Klippa orðin niður og endurraða í eigið ljóð.

Ítarefni

Ljóðasafn IV. Mannssonurinn. 1973. Reykjavík, Heimskringla.

Blákápa. Lestrarbók I. 1993/1996. Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir völdu. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Nátttröllið á vefnum: <http://www.snerpa.is/net/thjod/nattroll.htm>

Bakgrunnur

Tröllin búa í háum hömrum, hellum eða fjöllum, oft ein síns liðs. Þau eru tröllvaxin og oftast ófrýnileg. Ólíkar hugmyndir birtast í sögunum um innræti þeirra. Ýmist eru þau tröllheimsk og ill og taka menn og halda þeim fönngnum trylla þá eða éta, eða þau eru hundvís tryggðatröll sem launa greiða ríkulega. Það er langt í frá að tröll séu öll mannætur. „Mörg þeirra lifa nær eingöngu á silungi og sauðaketi – en gæða sér á hrossaketi (og stundum mannakjöti) þegar það fæst. Bústaðir þeirra eru í björgum og hamrabeltum, þar sem þau lifa í hellum og hafa viðurværi sitt af fiskfangi. Oftast minnir sköpulag trölla á mannfólk, en fyrir kemur að útlit þeirra er þvílíkur óskapnaður að beinast liggur við að tala um skrímli.“ (Álfar og tröll ÓP bls. 23)

Sagan um Jón og tröllskessuna er hér stytta þannig að sleppt er framan af henni hlut föður Jóns. Hann tekur Jóni þar vara fyrir að fara nálægt klettunum þar sem skessan býr, en bannið er ekki rökstutt og reynist út í hött. Það verður Jóni til gæfu að bregða út af boðum föðursins. Skessan býr ekki ein síns liðs heldur með sínum tröllabörnum.

Umræða og ábendingar

Benda nemendum á þjóðsagnaminnin í sögunni:

- „Mannabefur í helli mínum,“ segja tröll um allan heim.
- Jón gerir góðverk og verður honum það til lífs.
- Skessan launar góðverkið ríkulega.
- Skessan er forspá og segir Jóni hvað á daga hans muni drífa og ræður honum heilt.
- Jón hlítir ráðum skessunnar í hvívetna og reynast þau vel.
- Skessan birtist Jóni í draumi og bregður hann við skjótt.
- Hann verður lánsmaður af skiptum sínum við skessuna.

Orðtakasafn Sölva Sveinssonar, *Íslensk orðtök með skýringum og dæmum úr daglegu máli*, er aðgengilegt fyrir nemendur og þar er að finna fjölmörg orðtök sem tengjast bæði sjó og sveit.

Verkefni

Orð, orðskýringar og orðtök um sjómennsku, þarfasta þjóninn og fleira.

Ítarefni

Íslensk úrvalsævintýri. 1986. Hallfreður Örn Eiríksson sá um útgáfuna. Reykjavík, Uglan – Íslenski kiljuklúbburinn.

Jón bóndason og skessan á fjöllum. <http://www.snerpa.is/net/thjod/jon-b2.htm>

Sölvi Sveinsson. 1993. *Íslensk orðtök með skýringum og dæmum úr daglegu máli*. Reykjavík, Iðunn.

Trunt, trunt og tröllin. 2009. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Ljóðið er úr ljóðabókinni *Klukkan í turninum* og er einnig að finna í *Fugl og fiskur ljóð og sögur handa börnum* sem er úrval ljóða og sagna eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur. Í ljóðinu lýsir hún leið sinni í skólann úr Þingholtinu upp á Skólavörðuholtið á hörðum vetri líkt og hún sé að fara í hættulega ferð um fjallvegi landsins fyrr á tímum.

Í ljóðinu er vísað í staði, sögulegar staðreyndir og fyrirbrigði.

- Háþær var veitingahús efst við Skólavörðustíg.
- Frostaveturinn mikli var 1918–1919.
- Lurkur og Fjárfellir voru nöfn á hörðum veturnum fyrr á tímum.
- Iðnskólinn heitir núna Tækniskólinn.
- Varðan er Skólavarðan sem skólapiltar reistu eftir að Skálholtsskóli var fluttur til Reykjavíkur árið 1785, til að minna á vörðuna sem skólapiltar höfðu reist við heimreiðina í Skálholti. Varðan var þar sem stytta af Leifi Eiríkssyni er nú. Steinhleðslan beggja vegna styttunnar með bekkjum við er til merkis um vörðuna sem var.
- Dys er vísun í Steinkudys, en Steinunn Sveinsdóttir var dysjuð á Skólavörðuholti eftir að hún dó í fangelsinu við Arnarhól (Stjórnarráðinu við Lækjargötu). Gunnar Gunnarsson skrifaði skáldsöguna Svartfugl um Steinunni og Bjarna frá Sjöunduá sem voru dæmd til dauða fyrir að myrða maka sína. Dysin varð að álitlegri steinhruðu því fólk kastaði steini í hana að fornum sið þegar það átti leið hjá. Dysin var rofin og Steinunn liggur í vígðri mold í Kirkjugarðinum við Suðurgötu.
- Hallgrímskirkja stendur efst á Skólavörðuholtinu.

Umræða og ábendingar

Benda nemendum á hvernig Vilborg tengir saman fortíð og nútíð með orðalagi og myndmáli í ljóðinu. Hvaða orð og myndir eru úr gömlum tíma, hvað er nýtt – og hvað er tímalaust?

- Hjálpa nemendum að tengja leið sína í skólann við sögulega atburði, merkilegar byggingar og önnur kennileiti. Hugsanlega tengist umhverfi þeirra þjóðsögum, skáldsögum eða Íslendingasögum og benda á þau tengsl.
- Hvað þýðir að eitthvað sé tímalaust? Fá nemendur til að hugsa um það. Ræða í framhaldi t.d. um árstíðir og hvað í þeim tengist tímaleysi í þeim skilningi að það er árviss.
- Útbúa lista með nemendum um ofangreind atriði sem þeir geta nýtt sér.

Verkefni

Semja ljóð um leiðina í skólann og hafa með sögulegar staðreyndir.

Ítarefni

Árni Óla. 1984–1986. *Reykjavík fyrri tíma:sögukaflar*. Hafnarfjörður, Skuggsjá.

Gunnar Gunnarsson. 2007. *Svartfugl*. Reykjavík, Bjartur. (Jón Yngvi Jóhannsson ritar formála).

Páll Líndal. 1986–91. *Sögustaður við Sund*. 1. bindi. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 1992. *Klukkan í turninum*. Reykjavík, Forlagið.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 2006. *Fugl og fiskur. Ljóð og sögur handa börnum*. Reykjavík, JPV útgáfa.

Bakgrunnur

Hér kemur fram andúð trölla á náðarmeðulum kirkjunnar. Kirkjuferðin og altarisakramentið verða stúlkunni til bjargar. Hún var kolug um kjaftinn, nýbúin að ganga til altaris, fá oblátu og dreypa á messuvíni tákni líkama Krists og blóði. Tröllin voru heiðin og í mörgum tröllasögum amast þau við trú á Krist og kirkjusíðum.

Umræða og ábendingar

Í sögunni eru stuðluðu setningarnar og orðapörin nokkur. Hvetja má nemendur til að búa til sínar eigin stuðluðu setningar. Ef þeim reynist það erfitt geta þeir fundið setningar og heilu málsgreinarnar í öðrum sögum.

Í *Bragfræði fyrir unglिंगastig grunnskóla* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson er góður kafli um ljóðstafinn s og gnýstuðla (kafli 5, bls. 17). „Bókstafurinn s hefur sérstöðu í kveðskapnum. Það lýsir sér þannig að ef s er notað fyrir ljóðstaf verður að gæta að því hvaða stafur kemur næst á eftir. Stafapörin sk, sl, sm, sn, sp og st eru sérstakir ljóðstafir og stuðla aðeins innbyrðis en ekki við önnur s-pör. Þetta kallast gnýstuðlar. Það þýðir að sk stuðlar bara við sk, sl bara við sl o.s.frv.“

Verkefni

Spurningar og stuðlaðar setningar og orðapör.

Ítarefni

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2011. *Bragfræði fyrir unglिंगastig grunnskóla*. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Mjóifjörður er einn Austfjarða og liggur milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar. Eyðibýlið Fjörður liggur innan við fjarðarbotninn gegnt hæsta fjalli fjarðarins Söðli (1127 m). Fjörður var stórbýli og prestsetur en kirkjan flutt að Brekku seint á 19. öld en áfram var búið í Firði fram á 20. öldina. Ennþá sést forn kirkjugarður fyrir austan bæjarstæðið. (*Þjóðsögur við þjóðveginn* JRH bls. 124)

Ólafur konungur Tryggvason gleymdi að kristna tröllin. Þess vegna eru þau heiðin og leitast við að afkristna mennska menn sem þau ná á sitt vald. Kristin tákni eru besta vopnið á þau, því þau þola hvorki klukknahljóð, krossmörk né annað sem kristni fylgir.

Nátttröll þola ekki dagsbirtu og verða að steini þegar sólin kemur upp. Klettur og drangar með mannsmynd eru kveikjan að ótal slíkum sögum. Sögur um ótta manna við að vera einir á ferð í hrikalegri náttúru eru einnig til í Noregi þar sem staðhættir eru svipaðir og hér á landi.

Umræða og ábendingar

Í lögum til forna (Jónsbók) voru viðurlög við því að stunda tröllskap eða vekja upp tröll.

- Hvað ætli það sé sem skapar sögur sem þessar, þ.e. að menn ærist og vilji ganga í tröllskap?
- Oft er tröllskapur lagður að jöfnu við fjölkynngi.

Skaplyndi og brestir í því voru oft útskýrðir sem tröllslegir skapsmunir. Ofsareiði eða æði er stundum líkt við skessu og jötunn. Að fara í jötunmód (verða tryllt/ur), eða hegða sér eins og skessa.

Eftirfarandi skýring er höfð í NB aftan við söguna í safni Jóns Árnasonar I bindi: „Hermann nokkur bóndi í Firði dáinn circa 1830 kvaðst muna eftir járnskó skessunnar sem fallið hafði af henni þá er hún sté skarðið úr garðinum; var skórin hafður fyrir sorptrog.“ (*Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* JÁ bls. 147).

Vísan sem prestarnir kveða er ekki geðsleg. Skoða með nemendum orðskýringar aftast í bókinni um orðin svangi (tómur magi), langi (botnlangi), svil (sæðiskirtlar karlfisks, sambærilegt eistum hjá mönnum) og vil (garnir úr sauðfé).

Í bókinni *Fragar heyrði ég raddirnar* eru margar vísur úr þjóðsögum og í kaflanum Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum (bls. 139–147) eru stef og vísur úr tröllasögum.

Verkefni

- a) Endurrita með eigin orðum vísurnar. Finna vísur í öðrum þjóðsögum.
- b) Teikna myndasögu.

Ítarefni

Jón R. Hjálmarsson. 2000. *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Reykjavík, Almenna bókafélagið.

Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur. Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka- og blaðaútgáfan SF.

Fragar heyrði ég raddirnar. Þjóðkvæði og stef. 1974. Einar Ólafur Sveinsson gaf út. Reykjavík, Mál og menning.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I–VI (3. útgáfa) 1954–1961. Jón Árnason safnaði. Reykjavík, Þjóðsaga.

Bakgrunnur

Tröllasögur líkt og aðrar vættarsögur hafa margar boðskap og halda fram ákveðnum gildum sem eiga að leiðbeina um ákjósanlega hegðun. Þær eru ekki einungs ýkjúsögur sagðar til skemmtunar eða lygasögur sem ekki er ætlast til að sé trúað.

Í kaflanum um boðskap vættasagna í bókinni *Álfar og tröll* er samantekt um siðfræði sem tröllasögur boða og getið um fjórar lífsreglur:

1. Virðið frumrétt alls sem lifir,
2. gerið ekki illt að óþörfu,
3. veitið hjálp í nauðum og
4. gangið vel um náttúruna – forðist ofnýtingu til lands eða sjávar.

Einnig kemur fram að tröllasögur taka á óræðum tilfinningum af ýmsum toga og leitast við að eyða margvíslegum ótta og nefnd dæmi þar um.

Lokaorð kaflans eru svohljóðandi: „Því má segja að meðfram því menntunar- og uppeldisgildi sem felst í boðskap sagnanna sé veitt sálræn útrás. Og það er í þeirri seytlendi útrás sem afþreying sagnanna er fólgin – hrollvekjandi sem hún kann að vera á stundum.“ (*Álfar og tröll* ÓP bls. 33)

Umræða og ábendingar

Græðgi og öfund verða stráknum að meini. Hann fær ekki gylltan hnapp heldur visna hönd, og þarf að lifa með hana það sem eftir er.

- Þekkja nemendur meting í einhverri mynd?
- Hefur metingur eða öfund og græðgi haft einhverjar afleiðingar í þeirra lífi?

Kennari getur rætt með nemendum máltækið að ef maður réttir litla fingur er höndin tekin af.

- Hafa nemendur (og kennarar) reynslu af því?

Hægt er að biðja nemendur að finna nýjan titil á söguna. Þegar komnir eru margir titlar er hægt að setja þá í sameiginlegan sjóð sem hægt er að nýta þegar semja á þjóðsögu. Getur það gefið nemendum hugmynd að sögu. Sumum nemendum reynist erfitt að finna efni til að skrifa um og þetta getur e.t.v. hjálpað.

Verkefni

Vísindamaður fer á vettvang. Rannsókn og ritun.

Ítarefni

Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur. Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka- og blaðaútgáfan SF. Trunt, trunt og tröllin. 2009. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Örn Arnarson er skáldanafn Magnúsar Stefánssonar (1884–1942). Hann vann ýmiss störf um ævina, m.a. við kaupavinnu, vegavinnu, fiskvinnslu, skrifstofu- og verslunarstörf. Síðar varð hann kennari og bókavörður.

Hann var mikill göngugarpur og stundaði auk þess glímu og knattspyrnu. Hann var safnari og átti bæði safn jurta og steinar úr íslenskri náttúru. Einnig safnaði hann sjaldgæfum orðum og orðatil-tækjum.

Þekktasta ljóðabók hans er *Illgresi* (1924) og ljóð hans Stjáni blái og Íslands Hrafnistumenn eru hvað þekktust. Dvalarheimili aldraðra sjómanna sem nefnt er Hrafnista er skírskotun í ljóð hans.

Í bók Óskars Árna Óskarssonar *Skuggamyndir – úr ferðalagi* sem út kom árið 2008 er brugðið upp brotum úr ævi Arnar Arnarssonar á myndrænan og ljóðrænan hátt.

Umræða og ábendingar

Ljóð Arnar Arnarssonar tengist ekki þjóðsögum utan að endurtekningin í lok hverrar vísu er skírskotun í þjóðsöguna Legg í lófa karls, karl skal ekki sjá.

- Geta nemendur séð á hvaða hátt ljóðið tengist þjóðsögum?
- Sjá nemendur einhverja skírskotun í nútímann?
- Hvað er verið að vísa til með endurtekningunni *að leggja í lófa karls*?
- Getur verið að það tengist ölmusu / betli? Hver er munurinn þar á milli?

Verkefni

Spurningar og hugleiðingar um ljóðið.

Ítarefni

Kristinn Ólafsson. 1964. *Örn Arnarson. Minningarþættir*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Óskar Árni Óskarsson. 2008. *Skuggamyndir – úr ferðalagi*. Reykjavík, Bjartur.

Örn Arnarson. 2008. *Illgresi*. Hafnarfjörður, Hrafnista/Sjómannadagsráð.

Tvær örsögur úr *Skuggamyndir – úr ferðalagi*: http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/categories-2707,1962/RSkra-97/tabid-3397/5787_read-4910/

Bakgrunnur

„Í sögum sem enn eru til á Íslandi um tröll er þeim að öllu eins lýst og í hinum norrænu goðasögum. Bæði eru þau talin meiri og sterkari en menn oftast, heimsk og hamslaus, gráðug og grimmi; en þó er annað veifið sagt að þau viti marga hluti er menn vita ekki, séu góðviljuð, drenglynd og trú sem gull. Við mótgjörðir reiðast þau illa og leita að hefna sín grimmilega; á hinn bóginn þakka þau bæði og launa þegar velgjörðir og liðsinna oft mönnum að fyrri bragði. Mannætur er sagt að þau séu, en þó eru ekki fá dæmi þess að tröll hafi leitað samfara við mennska menn og í því skyni numið til sín bæði menn og konur. Þó tröll séu í ýmsum greinum háskalega vansköpuð eiga þau ávallt að vera í mannsmynd allt um það, enda virðist svo sem þau eigi að vera einhvers konar eldri kynslóð en mennirnir... Sum þeirra mega ekki sjá dagsljós og verða að steini ef sól nær að skína á þau og eru því ávallt á ferð á næturnar.“ (JÁ I:36) Þannig lýsir Jón Árnason tröllum og eins og lesa má eru þau fjölbreytt og eiga sér bæði kosti og lesti. Má rekja sögurnar til norrænna goðsagna, þ.á.m. til Eddukvæða.

Minni í tröllasögum geta verið sammerkt með öðrum vættasögum. Í *Gellivör* er t.a.m. mörg sameiginleg minni með álfasögum. Algengt minni er þegar skessu skrikar fótur eða eins og í sögunni um *Gellivör* spyrnir stykkinu úr kirkjugarðsveggnum og fylgir í kjölfarið að aldrei tolli neitt í skarðinu sem eftir varð. Hér fylgir tröllskessan eftir með orðunum *Stattu aldrei, argur!* Önnur slík eru *tolldu aldrei!*

Umræða og ábendingar

Mörg minni eru í sögunni:

- maður hverfur á jólanótt,
- álfkona birtist í draumi,
- mennska konan tekur mark á draumnum
- konan liðsinnir álfkonunni, sem launar góðverkið ríkulega,
- tröllkonan heillar,
- nafnið hefur áhrifamátt,
- kirkjan er griðastaður,
- skessan þolir ekki klukknahtjóð,
- aldrei tollir neitt í skarði sem myndaðist í kirkjugarðsvegginn.

Skessan er góð móðir sem vill allt gera fyrir deurbarnið sitt. Hún leggur á sig að ná í nýtt mannakjöt handa því og hleypur til þess um sveitirnar. Hendir öllu frá sér og hleypur til um leið og barnið hrín.

- Kannast nemendur við hliðstæð dæmi úr mannheimum um mæður sem dekra við börn sín og láta allt eftir þeim?

Í *Skruddu verkefnabók 1* (bls. 40–41) og *Verkefnabók 2* (bls. 31–32) er að finna aðgengilega umfjöllun fyrir nemendur um beina og óbeina ræðu.

Verkefni

Endursögn- bein ræða og óbein ræða.

Ítarefni

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I–VI (3. útgáfa) 1954–1961. Jón Árnason safnaði. Reykjavík, Þjóðsaga.

Bakgrunnur

Sagan um tilurð þessa kvæðis er rakin í 4. bindi nýrrar útgáfu á verkum Jónasar Hallgrímssonar, bls. 126–9. Í stuttri samantekt var það á þá leið að Jónas yrkir hér upp kvæði eftir séra Árna Helgason prest m.a. á Görðum á Álftanesi. Það var um norska förukonu sem varð úti en bjargaði lífi tveggja barna sinna með því að vefja þau í klæði sín áður en hún dó. Jónasi fannst kvæðið afar ósmekklegt og vildi gera betur. (Í Rauðkápu kennarabók Guðnýjar Ýrar og Silju eru þrjú erindi úr kvæðinu). Þar má sjá nær hlutlausu lýsingu og orðaval tekur mið af að rétt sé rímað.

Kvæðið birtist í Sunnanpóstinum, mánaðarriti sem kom út á árunum 1836–38 og var séra Árni ritstjóri þess um tíma, sjá umfjöllun í Kennarahandbók Guðnýjar Ýrar og Silju bls. 25.

Stytta Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara *Fýkur yfir hæðir* var afhjúpuð við Hallveigastaði við Túngötu í Reykjavík árið 1933. Hún er oft kölluð *Móðurást* og afsteypur af styttnni er að finna víða, m.a. á Ísafirði.

Umræða og ábendingar

Í ljóði Jónasar er bara eitt barn í staðinn fyrir tvö í norska ljóðinu. Hverju breytir það?

- Hvað tilfinningar koma upp í hugann þegar ljóðið er lesið?

Jónas nær að draga fram magnaðar andstæður í sínu kvæði.

- Heldimm nótt og köld – dauði. / Dagsbirta, sól, ylur – líf.

Hér er hægt að benda nemendum á ljóðstafina. Hvernig þeir gefa ákveðinn takt, hrynjandi. Skoða einnig endarímið og hvernig hann lætur síðustu línuna (þá fimmtu) í hverju erindi ríma við síðustu línu í næsta erindi.

Ljóðið er mjög myndrænt og hægt að útbúa fallegt myndverk með því að túlka ljóðið í mynd. Tilvalið er þá að gera klippimyndir og nota til þess sykarpappír (mjúkur pappír sem gott er að rífa niður), í bakgrunn er notað svart karton. Tveir til þrír nemendur geta sameinast um eitt erindi. Fallegast er ef ekkert er teiknað inn á myndina og allur pappír rifinn en ekki klipptur. Blönduð tækni gefur líka góðar myndir.

Hægt er að fara með nemendur í gönguferð og skoða styttnar í umhverfinu eða heimsækja safn. Styttnar geta síðan verið innblástur í ljóðagerð eða sagnaritun.

Verkefni

Frásögn með hjálp spurninga. Upplestur.

Ítarefni

Ritverk Jónasar Hallgrímssonar (1.–4.bindi). 1989. Ritstj. Haukur Hannesson,

Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík, Svart á hvítu.

Rauðkápa kennarahandbók. 1995. Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir tóku saman.

Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Yfirlit um utilistaverk í Reykjavík: <http://utilistaverk.is/fykur-yfir-haedir>

Bakgrunnur

Þjóðsagan er ein af mörgum afbrigðum Öskubusku. Yngsta systirin, olnbogabarn í öskustó reynist vitrust og best, en foreldrarnir hafa hana útundan.

Ein skýring á ástleysi foreldra gagnvart yngstu börnum í gömlum sögum er fátækt og matarskortur. Kotbúskapurinn getur bara haldið fáum uppi og barn sem fæðist eftir að hámarki er náð verður útundan – ef það er þá ekki borið út.

Öskubuskusögur hafa mikið verið skoðaðar út um allan heim og t.a.m. fann fræðimaðurinn Anna Birgitta Rooth í kringum þúsund afbrigði af sögunni í Asíu og Evrópu. Elsta sagan var skráð á 9. öld í Kína. „Sameiginlegt með öllum afbrigðum er olnbogabarn vondrar móður eða stjúpú, yfirnáttúruleg aðstoð og týndur skór sem látinn er ráða úrlitum um val á eiginkonu kóngssonar eða tignarmennis. Bjargvættur góðu stúlkunnar er hins vegar mismunandi eftir löndum, s.s. álfkona í Frakklandi, ær í Skotlandi, kýr í Danmörku og á Íslandi látin móðir sem birtist dótturinni í draumi... Aðeins í einni gerð, og sú er frá Íslandi, er það stúlkan sjálf sem ákveður að hún ætli að eiga þann mann sem finni skóinn fyrir hana. Annars staðar er það ákvörðun karlmansins sem ræður, enda Öskubuska oft talin ímynd hinnar óvirku konu.“ (Bergmál GB bls. 18)

Umræða og ábendingar

- Hvers vegna er yngsta barnið útundan í sögunni?
- Eru yngstu börnin ekki alltaf eftirlæti foreldra sinna nú til dags?
- Geta hamskipti risans haft táknaða merkingu? (Margir skipta skapi og verða ofsareiðir við ákveðnar aðstæður þó þeir séu prúðmenni þegar fleiri sjá til).

Benda á ævintýraminnin í sögunni.

- Þríatalan er áberandi: þrjár systur, þríhöfða þurs, risinn hvílir sig þrisvar.
- Ýmis minni: hamskipti, læsta herbergið í hellinum, gandreidd á skörungi.

Orðskýringar sem finna má aftast í bókinni eru margar. Hægt er að útbúa enn ítarlegri lista yfir orðskýringar með nemendum.

Áður en farið er í verkefnið er gott að rifja upp söguramma fyrir þjóðsögur/ævintýri, sjá umfjöllun og verkefni um Stúlkan fríða og skrímslið á bls. 97. Þetta er góð æfing til þess að nemendur geri sér grein fyrir hvernig uppbyggingin er.

Verkefni

Fylla inn í söguramma um þjóðsögur/ævintýri. Minni, orð og orðskýringar.

Ítarefni

Sjáðu svarta rassinn minn. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 2010. Brynhildur Heiðar-og Ómarsdóttir tók saman og endursagði. Reykjavík, Bókaútgáfan Æskan ehf.

Bergmál, sýnisbók íslenskra þjóðfræða. 1988. Guðrún Bjartmannsdóttir sá um útgáfuna. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Sagan er nútímagerð sögunnar Kolrössu og er úr safninu *Tröllasögur* eftir Gunnar Harðarson, Magnús Gestsson og Sigfús Bjartmarsson. Hún kom út hjá bókaútgáfunni Bjarti 1991.

Eftirfarandi er hluti úr umsögn sem birtist um bókina 10.12. útgáfuárið. „Tröllasögur er fyrst og fremst skemmtileg bók, sögunnar umfram annað kímnisögur þótt þær kunni að bregða sér í annað gervi. Tröllin eru gjarna aumkunarverðir klunnar og hetjurnar ekki síður spaugilegar ef úti það er farið. En það sem ég tel þó að geri þessa bók að því sem hún er, eru einkum ágæt tók höfundanna á formúlu þjóðsögunnar, stíl hennar og stöðluðu tungutaki. Þannig geta þeir leyft sér að hlaupa með arfinn útum víðan og snúa honum uppá þær aðstæður sem þeim lýst bestar.“

Umræða og ábendingar

Áður en nemendur fá það verkefni að skrifa sína eigin nútímapjóðsögu er nauðsynlegt að fara vel yfir einkenni þjóðsagna almennt þannig að þeir hafi ramma til að styðjast við.

- Frásögnin er einföld og sagt frá í réttri tímaröð.
- Yfirleitt stutt frásögn sem umhverfist um eitt sérstakt atvik.
- Fáar persónur og ein aðalpersóna.
- Andstæður eru skýrar og endurtekningar algengar.
- Oft stuðlaðar setningar og/eða kunnuglegt orðalag (jafnvel vísur).
- Þjóðsögur enda oft illa.
- Íslenskar þjóðsögur fjalla gjarnan um samskipti fólks við tröll og forynjur, útilegumenn, álfa og óblíð náttúruöfl.

Við nútímagerð þjóðsögu þarf að hafa í huga að setja inn atriði úr nútímanum, t.d. tölvur og tækjabúnað, heimilistæki og farartæki sem ekki tilheyra tíma gömlu þjóðsagnanna. Einnig að hafa nútímalegt orðalag og jafnvel slangurorð í bland við orðfæri þjóðsögunnar.

Í kennarabók við Blákápu með Sögunni af Hlina kóngssyni (bls. 41) er fjallað um mun og líkindi á þjóðsögum og ævintýrum. Í smásagnasafninu Ormagulli eru fjórtán sögur sem allar tengjast þjóðsögum eða ævintýrum.

Verkefni

Skrifa nútímapjóðsögu.

Ítarefni

Gunnar Harðarson, Magnús Gestsson og Sigfús Bjartmarsson. *Tröllasögur*. Bjartur, 1991.

Ormagull. 1994. Margir höfundar. Reykjavík, Mál og menning.

Nýyrði: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/nyyrdi.pdf

Brot úr tröllasögu eftir Sigfús Bjartmarsson úr Tröllasögum:

http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/categories-2025,1974/RSkra-102/ta-bid-3397/5787_read-3594/

Umfjöllun um Tröllasögur Gunnars, Magnúsar og Sigfúsar í Morgunblaðinu 10.12.1991:

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=78955

Rauðkápa bls. 183–184

Grýlukvæði (Þjóðkvæði)

Grýla og Leppalúði

Þórarinn Eldjárn

Bakgrunnur

Jón Árnason setur Grýlu í sérstakan undirflokk tröllasagana og segir að hennar sé bæði getið í Snorra-Eddu þar sem eitt kventrölla er nefnt Grýla og í Sturlungu þar sem orðið grýla er haft um tröllkonu eða óvætt sem öðrum stendur ógn af og grýlur notað um ógnanir. Bæði Grýla og Leppalúði eru tröll sem voru mannætur og urðu sérlega ánægð að fá börn í svanginn. Grýla var ófrýnilegri en tröll almennt og vanskapaðri. Eftir að hætt var að hræða börn í uppvextinum með Grýlu eða ýmsu öðru þá var hún notuð til að stilla þau við ærslum og ólátum. (JÁ I:207)

„Grýla er ekki lengur sú óskiljanlega ófreskja sem hún var, heldur einungis stórskorin, ófrýnileg og geðvond kerling sem þolir illa hávaða í óþekktum krökkum. Hún er fyrir löngu hætt að taka þau í pokann sinn, enda orðin gömul og þreytt af því að ala upp alla jólasveinana og sjá fyrir þeim...staðreyndin er sú, að íslensk börn þekkja hana mætavel – og mörgum þykir vænt um hana, enda er hún móðir jólasveinanna sem færa gott í skóinn.“ (Álfar og tröll ÓÞ bls. 28)

Grýlukvæði sem er í Rauðkápu er úr *Skólaljóðum* sem Þórhallur Bjarnason valdi og gaf út 1901. Þar er ljóðið eignað Jóni Þorlákssyni.

Umræða og ábendingar

Á hljómdiskinum *Lög unga fólksins með Hrekkjusvínunum* er lag um Grýlu sem gafst upp á að róla sér á róluvöllum. Textinn er eftir Pétur Gunnarsson rithöfund.

Skemmtilegur öfugsnúningur hjá Þórarini Eldjárn í kvæðinu um *Grýlu og Leppalúða* sem enda í Háskólanum í uppeldis- og kennslufræði. Þau sem áður átu óþekk börn ætla nú að mennta sig til þess að ala upp börn og fræða þau.

- Hvernig er andinn í kvæðunum tveimur? Er munur á þeim?
- Hvað er orðið um Grýlu í nútímanum?
- Hvað er komið í staðinn fyrir hana?
- Eru börn ennþá hrædd við Grýlu?

Jóhannes úr Kötlum skrifaði um Grýlu, Leppalúða, jólaköttinn og alla jólasveinana í bókinni *Jólin koma* sem fyrst kom út árið 1932.

Verkefni

Túlka Grýlu í mynd. Finna fleiri vísur æfa upplestur og flytja.

Ítarefni

Heimskringla. 1992. Þórarinn Eldjárn. Reykjavík, Mál og menning.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I–VI (3. útgáfa) 1954–1961. Jón Árnason safnaði. Reykjavík, Þjóðsaga.

Jóhannes úr Kötlum. 2003. *Jólin koma*. Reykjavík, Mál og menning.

Lög unga fólksins með Hrekkjusvínunum. 1998. Hljómdiskur. Skífan.

Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur. Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka- og blaðaútgáfan SF.

Vísnaþókin. 2006. Símon Jóhann Ágústsson valdi. Reykjavík, Iðunn/Edda útgáfa hf.

Bakgrunnur

Ævintýri hafa nokkra sérstöðu meðal þjóðsagna og er það einkum formfesta þeirra og skáldlegur frásagnarháttur. Ævintýrið hefur sig upp yfir stað og stund, það gerist í ótilgreindu umhverfi og er tímalaust.

Jón Árnason lýsir stjúpmaðrasögum á eftirfarandi hátt og er engu líkara en hann sé að lýsa ævintýrinu um Mjaðveigu Mánadóttur: „Í þeim kemur víða fram tröllskapur bæði í líkamlegri og andlegri merkingu; því seinni konur kónganna eru flestar tröllauknar, stórskonar og svipillar mannætur þegar þær eru í essinu sínu, en gera sig að fögrum drottningum í tignarbúningi og þykjast nálega allar hafa misst kónga sína fyrir áhlaupi víkinga. Þegar einhver kóngur hefur svo glæpt á þeim og gengið að eiga þær sannast það löngum að oft er flagð undir fögru skinni, því þá éta þær oft hirðmenn kóngs í muddum (merkir að éta á laun) og kippir í því til tröllakynsins... Þó er ekki þar með búið; því þær gerast stórráðar og skipa kóngum sínum burt úr ríkinu að heimta skatta af löndum sínum... ef kóngarnir... eiga börn eftir fyrri konuna heima, leggjast stjúpurnar jafnan á þau og annaðhvort stofna þeim í óhæfu eða leggja á þau að öðrum kosti og sýna í því andlegan tröllskap.“ (JÁ II:214)

„Tröllin í stjúpsögunum eru göldrótt og að því leyti ólík hinum rammíslensku tröllum þjóðsagnaanna. Þau taka hamskiptum beita sjónhverfingum og göldrum, og því er oft ógjörningur að gera greinarmun á norninni og tröllinu í stjúpunni. Þau eru auk þess valdagráðug og ásælin í fé og ástir konungborinna. Að því leyti eru þau útsmogin og heimsborgaraleg í sér – ekki heimsk og frumstæð eins og tröllin í íslenskum þjóðsögum.“ (Álfar og tröll ÓÞ. bls. 25)

Umræða og ábendingar

Sagnaminnin í sögunni eru mörg og má bæta við lýsingu Jóns Árnasonar minninu um gullskóinn sem aðeins passar á prinsessuna og mælisþjaldið sem lagt er á herðar óvættinni til að kanna eðli hennar.

Mannakjötsát er eitt af sagnaminnnum og eiga ævintýrin það sameiginlegt með þjóðsögum. Tröllum er refsað með því að éta eigin afkvæmi. Stjúpan í sögunni var látin éta saltað kjöt af dóttur sinni og tók þá tröllsham á meðan.

- Hægt er að fara með nemendum í gegnum alla söguna og finna öll sagnaminnin.
- Ræða hvort minnin eru sérstök fyrir ævintýri og/eða hvort þau finnast einnig í þjóðsögum.

Stjúpuminnið er algengt um víða veröld. Getur verið að sögurnar eigi sér rætur í raunveruleikanum; margar konur dóu af barnsförum áður fyrr og þá tóku aðrar konur oft við heimili og börnum og giftust föðurnum. Sjálfsgift hafa margar þeirra freistast til að stjaka börnum fyrri konunnar frá til að auka rúm fyrir sín eigin börn. Einnig hefur móðurmissirinn markað djúp spor í sál barnanna og gert þau fjandsamleg nýju mömmunni, jafnvel þó að hún reyndist þeim ekki illa.

- Gerast stjúpsögur enn í dag?

Verkefni

Flokka persónur, dýr og fyrirbrigði úr sögunni í gott og vont. Velja tvær persónur úr sögunni – semja samtal – upplestur/leikræn tjáning.

Ítarefni

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I–VI (3. útgáfa) 1954–1961. Jón Árnason safnaði. Reykjavík, Þjóðsaga. Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur. Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka- og blaðaútgáfan SF.

Bakgrunnur

Fjallað er um Jóhannes úr Kötlum í tengslum við Þjóðvísu hans á bls. 152 í Rauðkápu. Amma raular í rökkrinu kom út í ljóðabókinni *Samt mun ég vakna* (1935).

Barnagælur og vögguvísur eru eins og nafnið gefur til kynna gælur og vísur handa börnum. Þær eru kveðnar eða sungnar fyrir börnin til að róa þau og hugga í amstri dagsins. Einnig til að fræða, stytta þeim stundir og gleðja. Á kvöldin fyrir svefninn er þeim ætlað að fylgja ungum börnum inn í draumaheima. Vísur, þulur og kvæði hafa lífað í gegnum aldirnar og gengið á milli kynslóða, margar þeirra eru höfundalausar. Þær örva málkunnáttu og er áhrifaríkara að tala blíðlega eða kveða til ungra barna en að sussa þó það sé gert blíðlega. Börnin fá tilfinningu fyrir hrynjandi, stuðlum og rími, og auka orðaforða. Rétt eins og þulur sem voru kenndar til að skerpa athygli og bæta minni.

Umræða og ábendingar

Amman raular yfir barninu eins og hún sé að rekja atburði dagsins og hugrenningar þeim tengdum. Staðreyndir úr daglegu lífi, aðstæðum hennar og litla barnsins og hugmyndir um framtíðina.

Nemendur lesa ljóðið yfir án endurtekninga og hugleiða í framhaldi eftirfarandi:

- Breytist ljóðið þegar búið er að fjarlægja endurtekningarnar?
- Er þetta ennþá vögguvísa?
- Hæfir titillinn ljóðinu eftir að endurtekningin er ekki til staðar?

Kennari getur beðið nemendur að finna nýjan titil á ljóðið og hægt er að kjósa um þann besta.

Verkefni

Nýr titill. Að semja barnagælu/vögguvísu. Upplestur.

Ítarefni

Barnagælur. Klappa saman lófunum. 1992. Ragnheiður Gestsdóttir valdi og myndskreytti.

Reykjavík, Mál og menning.

Fagar heyrði ég raddirnar. Þjóðkvæði og stef. 1974. Einar Ólafur Sveinsson gaf út.

Reykjavík, Mál og menning.

Fleiri gamlar vísur handa nýjum börnum. 1995. Guðrún Hannesdóttir valdi og myndskreytti.

Reykjavík, Forlagið.

Gamlar vísur handa nýjum börnum. 1994. Guðrún Hannesdóttir valdi og myndskreytti.

Reykjavík, Forlagið.

Jóhannes úr Kötlum. 1975. *Ljóðasafn II, Samt mun ég vakna.* Reykjavík, Heimskringla.

Vísnaðabók. 2006. Símon Jóhann Ágústsson valdi. Reykjavík, Iðunn/Edda-útgáfa hf.

Þórarinn Eldjárn. 2007. *Gælur, fælur og þvælur ásamt hljómdiski.* Reykjavík, Vaka-Helgafell/Forlagið.

Ýmsar ljóðabækur Jóhannesar úr Kötlum fyrir börn t.d.:

Bakkabræður : kvæði handa börnum. 1974. Reykjavík, Heimskringla.

Ljóðið um Labbakút. 2008. Reykjavík, Mál og menning.

Ömmusögur: kvæði handa börnum. 2003. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Karl og kerling í koti sínu / kóngur og drottning í ríki sínu. Spaugið felst meðal annars í því að kerling skuli þykjast vera innsti koppur í búri í kóngsgarði og karlinn skuli trúa því. Sagan er úr flokki þjóðsagna sem tilheyra kímni- og ýkjusögum eins og sögunar um bræðurna þrjá á Bakka þá Gísla, Eirík og Helga.

Fleygar setningar, orðtök og málshættir eru algeng í þjóðsögum og eiga oft uppruna sinn í ákveðnum sögum sem jafnframt gefa til kynna meiningu þeirra. Þetta á við um söguna um karl og kerlingu, og orðatiltækið **neyttu á meðan á nefinu stendur**. Oft hefur í tímans rás merking hinna fleygu setninga, orðtaka og málshátta yfirfærst á annað en uppruninn segir til um. Í þessu tilfalli er það svo og þegar orðtakið er notað í daglegu máli þá felur það í sér merkinguna að það sé um að gera að njóta eða af að taka meðan það stendur enn til boða.

Umræða og ábendingar

- Á karlinn betra skilið en þau örlög sem hann fær?
- Muna nemendur eftir öðrum málsháttum eða orðtökum úr öðrum þjóðsögum?

Nemendum finnst oft erfitt að greina muninn á að orðtökum og málsháttum. Í stuttu máli má segja að:

- málsháttur er fullmótuð setning sem ýmist er fullyrðing eða boðar ákveðna lífspeki og boðskap.
- orðtak er ákveðið orðasamband í ófullgerðri setningu og þarf að spyrna því við persónu, hugmynd eða fyrirbrigði svo orðtakið skiljist eða öðlist samhengi.

Verkefni

Stuðlaðar setningar og staðsetja í tunnuna.

Ítarefni

Málshættir í stafrófsröð: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/dagurislungu_2010.pdf

Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson. 1979. *Íslenskir málshættir*. Reykjavík,

Almenna bókafélagið.

Sölvi Sveinsson. 1995. *Íslenskir málshættir með skýringum*. Reykjavík, Iðunn.

Bakgrunnur

Böðvar Guðmundsson (1939) er fæddur og alinn upp á Kirkjubóli í Hvítársíðu, Borgarfirði. Hann er fjölbærur rithöfundur og ljóðskáld, hefur skrifað skáldsögur og leikrit, samið bæði texta og lög auk þess að þýða ótal verk bæði fyrir börn og fullorðna. Hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir vesturfarasögu sína *Lífsins tré* sem er sjálfstætt framhald *Híbýli vindanna*, en báðar segja frá ferðum Íslendinga til Vesturheims.

Ljóð Böðvars eru stundum pólitísk eins og ljóð föður hans Guðmundar Böðvarssonar sem samdi bæði *Völvísi* (Blákápa bls. 102) og *Fylgd* (Rauðkápa bls. 48) en bæði ljóðin fjalla um að vernda landið fyrir illum vættum. Í *Réttur Íslendinga* leikur Böðvar sér að hugtökum og setur í samhengi við sjálfstæði þjóðar og frelsi. Sjálfur segir Böðvar á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins í pistli sem hann skrifar um sig sjálfan „Ég lifi ekki til að skrifa en ég skrifa til að lifa.“

Umræða og ábendingar

Sama orð getur hafa meira en eina þýðingu. Ef orð eru sett saman hlið við hlið getur það skipt máli fyrir merkinguna hvernig orðaröðin er. Krakkar þekkja þetta vel í sambandi við orðaleiki og spurningar eins og:

- Hefurðu séð ís í boxi?
- Það er komið hlé Barði?
- Er verið að sækja Leif Arnar?

Ef tvær síðustu spurningar eru bornar fram hægt og skýrt missa þær marks og einnig þegar þær eru lesnar.

Ljóð Böðvars um *Rétt Íslendinga* er hægt að skilja á tvo vegu eins og hann lætur reyna á. Þetta er skemmtilegur orðaleikur og tilvalið að hvetja nemendur til að finna orð og hugtök sem hægt er að leika með á þennan hátt.

Verkefni

Huglæg og hlutlæg orð. Svára spurningu ljóðmælanda.

Ítarefni

Bókmenntavefur Borgarbókasafnsins: http://100.bokmenntir.is/hofundur.asp_cat_id=214&module_id=210&element_id=351&author_id=16&lang=1

Skáldatími. 1998. Fræðslumynd um Böðvar Guðmundsson. Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Nasreddin var kennari í smábænum Akschehir í Tyrklandi þar sem hann fæddist árið 1360. Minnismerki er á leiði hans í kirkjugarði bæjarins og eru margir sem heimsækja það. Porpið er í Anatolia héraðinu á svæði Konya í suðvesturluta Tyrklands. Sagt er að engar sagnir í þjóðsögum Tyrkja hafi náð eins mikilli almenningshylli og sögurnar um Nasreddin Khodja eða Nasreddin skólameistara.

Þorsteinn Gíslason sem þýddi bókina *Nasreddin – tyrkneskar kímnisögur* segir í formála að öld eftir öld hafi menn skemmt sér við kerskni Nasreddin, sérvisku og myndni, og enn í dag séu sögurnar um hann á hvers manns vörum, svo langt sem tyrknesk tunga nær.

Umræða og ábendingar

Gott er að ræða um söguna og spyrja leiðandi spurninga til þess að nemendur geri sér grein fyrir boðskapnum. Sérstætt við söguna er að Nasreddin kemur sögunni sjálfur af stað til að refsa konu sinni fyrir lausmælgina. Þá er einnig hægt að leyfa nemendum að leika söguna. Hugmyndin um nemanda í kastljósi í *Leiklist í kennslu* (bls. 28) er tilvalin. Nemandi sest í stól fyrir framan hópinn og er Nasreddin. Hann situr fyrir svörum nemenda og kennara. Kona Nasreddin getur einnig verið í kastljósinu og svarað spurningum um gerðir sínar.

Fleiri sögur eru til um fljúgandi fiskisögur, til dæmis *Það er alveg áreiðanlegt* eftir H.C. Andersen um fjöðrina sem varð að fimm hænum.

- Þekkja nemendur fleiri álíka sögur?

Málshættir sem geta átt við söguna:

- Þjóð veit þá þrjú vita.
- Af litlum neista verður oft mikið bál.

Orðtök sem geta átt við söguna:

- Hratt flýgur fiskisagan.

Nemendur skilja oft málshætti og orðtök betur ef þeir fá tækifæri að teikna þau. Orðtakið eða máls-hátturinn er þannig sett í nýtt samhengi og nemendur skrifa málsgrein undir með eigin orðum sem gefur til kynna hvort þeir skilji boðskapinn. Nemendur hafa einnig gaman af því að spreyta sig á því að leika málshætti og orðtök, hinir geta síðan reynt að finna út hvaða er verið að leika.

Verkefni

1. Boðskapur, orðtök og fiskisagan sem flýgur.
2. Leikræn tjáning (ekki krækja).

Ítarefni

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. *Leiklist í kennslu. Handbók fyrir kennara*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

H.C. Andersen. 1990. *Það er alveg áreiðanlegt*. Reykjavík, Fjölvi.

Nasreddin. Tyrkneskar kímnisögur. (án ártals). Þorsteinn Gíslason þýddi. Reykjavík, H.F. Leiftur.

Sölvi Sveinsson. 1993. *Íslensk orðtök með skýringum og dæmum úr daglegu máli*. Reykjavík, Iðunn.

Málshættir: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/dagurisl tungu_2010.pdf

Bakgrunnur

Þjóðsögur eru venjulega hliðhollar hinum fátæku, og þar eru ágirnd og hroki lestir sem hefna sín. Prestar voru oftast efnaðri en alþýða manna sem þurfti að gjalda þeim tíund. Tíundarlög voru samþykkt á Alþingi árið 1096 og voru fyrstu skattalög á landinu. Tíundin á Íslandi var eignaskattur. Greiða átti 10% af öllum eignum og því voru það aðallega bændur og höfðingjar sem greiddu skattinn. Hún olli eignaröskun í þjóðfélaginu og lagði grundvöllinn að fjármálaveldi kirkjunnar ásamt því að efla höfðingjavaldið í landinu.

Tíundinni var skipt í fjóra hluta, þar sem einn skyldi renna til fátæklinga, annar til presta, einn til biskupa og sá síðasti til kirkna eða kirkjueigenda. Margir bændur byggðu kirkjur á eignarlandi sínu og jók það veldi stórbænda og höfðingja.

Umræða og ábendingar

Prestar fengu oft orð á sig fyrir nisku og voru gerðir hlægilegir í þjóðsögum eins og hér er gert. Marga presta er að finna í smásögum og skáldsögum sem eru ýmist nískir eða eru bæði aurasálir og hafa í ofan á lag ekki rétt við. Í skáldsögunni *Manni og konu* eftir Jón Thoroddsen gerir hann prestinn Sigvalda á Stað bæði niskan og óheiðarlegan karl.

Nemendur geta túlkað í leikrænni tjáningu svipbrigði prestsins þegar hann kemur að látinni móður sinni, hvað eftir annað. Þetta er hægt að gera með öllum hópnum þannig að allir geta túlkað á sama tíma. Einnig er hægt að leyfa nemendum að gera kyrrmyndir af mismunandi aðstæðum sögunnar. (*Leiklist í kennslu* bls. 31).

Verkefni

1. Semja frétt. Upplestur.
2. Leikræn tjáning (ekki krækja).

Ítarefni

Jón Thoroddsen. 1949. *Maður og kona*. Skáldsaga. Reykjavík, Helgafellsútgáfan.

(5. útgáfa, Steingrímur J. Þorsteinsson bjó til prentunar, Víkurprent offsetprentaði 1975)

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. *Leiklist í kennslu. Handbók fyrir kennara*.

Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Willy Breinholst (1918–2009) var danskur rithöfundur, handritshöfundur og húmoristi.

Árið 1946 gaf hann út sína fyrstu sögu *Hvor længe var Adam i Paradis?* Eftir hann liggja yfir 100 titlar með spaugsökum sögum úr hversdagsleikanum. Í umfjöllun um bækur hans er oft talað um ekta danskan húmor sem þar birtist. Hvernig sem sá húmor er skilgreindur. Hann sér spaugilegu hliðarnar á fjölskyldulífi og samskiptum fólks og er einskonar spéspegill samtímans. Bækur hans hafa verið þýddar á fjölda erlendra tungumála og vinsældir hans eru miklar bæði í Danmörku og í öðrum löndum. H.C. Andersen hefur verið þýddur meira en hann, svo og Sören Kirkegaard, en Ole Lund Kirkegaard og Karen Blixen lenda neðar á listanum.

Umræða og ábendingar

Leikritið er bæði spaugilegt og gefur tilefni til að rökræða samhengi hlutanna.

- Hver ákveður að eitt sé rétt og annað rangt?
- Er það fjöldinn sem ræður eða sá sem er frekastur?
- Fer það ekki eftir því hvaða viðmið við setjum hvort spurning er rétt eða röng?
- Hver setur viðmiðið sem á að gilda?
- Er óparfi að setja viðmið?

Verkefni

Semja nýjar spurningar fyrir keppni meðal skólafélaga. Heppilegast er að nemendur vinni þetta verkefni 2–3 saman í hóp.

Ítarefni

Nokkrar bækur eftir Willy Breinholst sem þýddar hafa verið á íslensku:

1962. *Berum höfuðið hátt: það gæti gengið verr!* Reykjavík, Fróði.

1962. *Vandinn við að vera pabbi.* Reykjavík, Fróði.

1965. *Táningar og fleira fólk.* Reykjavík, Fróði.

1978. *Vandinn að vera pabbi.* Reykjavík, Fróði.

1998. *Elsku mamma og pabbi, ég er á leiðinni.* Reykjavík, Vasaútgáfan.

1998. *Hjálp við erum ástfangin.* Reykjavík, Vasaútgáfan.

1998. *Mamma er best í öllum heimi.* Reykjavík. Reykjavík, Vasaútgáfan.

Bakgrunnur

Sambærileg umfjöllun er á bls. 63 í Kennsluleiðbeiningum við Blákápu við sögurnar um Bakka-bræður.

Guðrún Bjartmarsdóttir nefnir í formála sínum að *Bergmáli, sýnisbók íslenskra þjóðfræða* að þáttur innan nútímaþjóðfræða blómstri hjá börnum og unglingum sem séu hryllingssögur, orðaleikir og brandarar. Sumt af því sé flökkuefni og gátuformið sé afar vinsælt. Þar er ráðningin – og fyndnin – sem felst í óvæntri sýn, fáránlegri rökleysu eða yfiringilegum ýkjum. Hér eru það t.d. fílar í ís-skápnum, moldvörpur á mótörhjólum eða tómatar að fara yfir götu.

Hafnfirðingabrandarar og ljóskubrandarar eru af sama meiði og flökkusögurnar. Sömu sögur eru sagðar milli Svía og Norðmanna, Danir segja sömu brandara um Dani sem búa á Jótlandi. Bandaríkjamenn segja sögur um Kanadamenn og öfugt, og þannig mætti lengi telja.

Storkurinn er algengur fugl í Danmörku. Rétt eins og lóan er vorboði hér á landi er stundum sagt að storkurinn sé vorboði í Danmörku. Margar sögur eru um storkana sem koma með ungabörnin og hefur sú sögn orðið æði lífsseig og birtist oft í sögum, myndum og ýmsum vörum fyrir ungabörn.

Umræðupunktur og ábendingar

Hér er gott tækifæri til að ræða brandara og mörk þeirra. Hvar eru mörkin og hvenær er farið yfir þau. Hæfa allir brandarar aldri hlustenda, eða stað og stund. Brandarar um veikindi, fötlun, samkynhneigð, kynþætti og annað sem fólki finnst almennt erfitt að ræða birtist oft í formi brandara. Margir krakkar eru hrifnir að bókum Huggleiks Dagssonar. Hann dregur ekkert undan og sumum finnst hann fara yfir mörk, aðrir segja að hann tefli fram efni sem er bannað að ræða og með þessu móti neyðist fólk til að horfast í augu við ýmislegt og taka afstöðu.

Áður en brandartíminn er undirbúinn er mikilvægt að velja upp spurningum eins og:

- Hvað þarf að taka tillit til þegar brandari er valinn?
- Mun brandarinn hugsanlega særa einhvern?
- Hvað er fyndið?
- Hvers vegna er það fyndið?
- Hvað er ekki fyndið?
- Hvers vegna er það ekki fyndið?

Verkefni

Undirbúa brandartíma.

Ítarefni

Bergmál, sýnisbók íslenskra þjóðfræða. 1988. Guðrún Bjartmannsdóttir sá um útgáfuna.

Reykjavík, Mál og menning.

Bestu brandararnir frá Bókautgáfunni Hólum með ýmsum undirtitlum eftir árum.

Bakgrunnur

Sagan er úr *Púsund og einni nótt*, sjá nánari umfjöllun í tengslum við **Söguna af Alí Baba og ræningjunum fjörutíu** hér að framan. Sagan er til í fleiri en einni gerð og helsti munurinn á sögunum er að sums staðar býr Abul Kasem (sem þá heitir Abu Kasim eða Cassem) í Kairó og fleygir skónum sínum í ána Níl. Þýðingin hér birtist í *Æskunni*, undirrituð H.M.J.

Bagdad er höfuðborg Íraks. Orðið merkir á arabísku og persnesku gjöf englanna. Hún er önnur stærsta borg arabaheimsins á eftir Kaíró. Bagdad stendur við ána Tígris og var eitt sinn miðstöð hins múslímska menningarheims.

Umræða og ábendingar

Sagan er um hrakfarir Abul Kasem og óheppni hans. Skórnir eru örlagavaldur. Abul er nýttinn, einlægur og trúgjarn. Nágranninn er öfundsjúkur og dómarrinn sanngjarn a.m.k. að lokum.

Í eigin frásögn eða myndasögu sinni segja nemendur frá út frá sjónarhorni skónna sem geta hugsað og talað.

Verkefni

Myndasaga eða eigin ritun.

Ítarefni

Arabískar nætur: ævintýri úr Púsund og einni nótt. 1934. Tómas Guðmundsson og Páll Skúlason þýddu. Reykjavík, Fjölneisútgáfan.

Púsund og ein nótt: arabískar sögur. 1993. Steingrímur Thorsteinsson þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Sagan er tekin úr Norrænum þjóðsögum og ævintýrum sem ber yfirtítilinn Vökunótt í Vigri og Þorsteinn Ó. Thorarensen þýddi. Minnið í sögunni er alþekkt og er að finna í mörgum sögum. Má t.d. nefna söguna um Villa viðutan sem er í Úrvali úr lestrarbók 1.hefti og gefin var út af Ríkisútgáfu námsbóka 1974. Þessa bók má eflaust finna víða á skólabókasöfnum.

Umræða og ábendingar

Strákurinn á að taka tvær skeppur af rúgi til myllunnar. Skeppa er kvenkynsorð og segir í snara.is að skeppa sé tiltekið rúmmál eða mælir af einhverju, t.d. korni, $1/8$ úr tunnu eða 18 pottar eru rúmlega 17 lítrar. Í Gamla testamentinu er talað um eina skeppu sem 11 lítra og í Nýja testamentinu er hún 9 lítrar. Af þessum dæmum má ætla að strákurinn sem átti að fara með 2 skeppur hafi átt að fara með 34 lítra af rúgi til myllunnar, eða u.þ.b. 20 lítra ef mælikvarði Biblíunnar er notaður.

Hlutverk í sögunni fyrir utan strákinn og foreldra hans:

- Bóndinn.
- Menn sem drógu á milli sín hryssu.
- Skrúðgangan, heiðursþjónarnir og brúðhjónin.
- Fólk við brennandi hús.
- Tvær kerlingar.

Einnig geta nemendur samið leikþátt með annarri atburðarás og öðrum persónum. Samt sem áður þannig að eitt leiði af öðru eins og í sögunni um Vitlausu strákinn.

Verkefni

Skrifa handrit og leika.

Ítarefni

Úrval úr lestrarbók 1. hefti. 1974. Eiríkur Stefánsson og Helga S. Einarsdóttir völdu efni.
Reykjavík, Ríkisútgáfa námsbóka.

Vökunótt á Vigri: norrænar þjóðsögur og ævintýri. 1982. Þorsteinn Thorarensen þýddi.
Reykjavík, Fjölvi.